




EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

3. tölublað
16. árgangur
Desember 2014



*Eining-Íðja
sendir félagsmönnum sínum og
landsmönnum öllum bestu óskir
um gleðileg jól og farsælt komandi ár,
með þökk fyrir samskiptin
á árinu sem er að líða*



all & sumt



HLUTI AF FJÖLSKYLDUNNI

Dálæti sumra á Kofareykta hangikjötinu frá Kjarnafæði virðist engum takmörkunum háð. Það er vissulega skemmtilegt að ljúffengt hangikjötið öðlist þann virðingarsess sem hér má sjá, en auðvitað nýtur það sín betur á matarborðum landsmanna, þar sem það hefur í árunna rás glatt og satt Íslendinga og skapað sannkallaða hátíðar- og jólastemningu, enda um sérlega bragðgott hangikjöt að ræða.

Kofareykta hangikjötið frá Kjarnafæði er sérvalið fyrsta flokks lambakjöt með ljúffingu, ríku og hefðbundnu íslensku reykbragði, verkað og reykta af kjötiðnaðarmeisturum fyrirtækisins.



Fagmenn á heimavelli

Ásgeir Örn Blöndal hdl.
hóf störf hjá Pacta að
loknu meistaraþrófi í
lögfræði, í júní 2008.

Ólafur Rúnar Ólafsson hrl. hefur
starfað hjá Pacta síðan 2004.

Gunnar Sólnes hrl. hefur
starfað við lögmennsku
síðan 1968 og hjá Pacta
síðan í mars 2008.

Meðal verkefna fyrir einstaklinga eru:

Fjölskyldumál

síffjaréttur, forræðismál, barnavernd

Hjúskaparmál

kaupmálar, sambúðarslit

Húsnæðismál

fasteignakaup, fjöleignahús, leiguréttur

Erfðamál

erfðaréttur, erfðaskrár, dánarbú

Slysamál

slysbætur vegna umferða-, vinnu- og frítímaslysa

Pacta lögmenn hafa nú aukið þjónustu sína á Norðurlandi og opnað starfsstöð við Eyrargötu 24b á Siglufirði í Fjallabyggð þannig að heimamenn eigi styttra að sækja lögmennsþjónustu.

Ólafur Rúnar, Gunnar og Ásgeir Örn eru í öfluglu liði 23 annarra Pacta lögmanna, tilbúnir til að veita þér afburða lögfræðiþjónustu og ráðgjöf.

■ Hafðu samband við okkur í síma 440 7900 eða á netfangið pacta@pacta.is

Pacta lögmenn · Sími 440 7900

Dalvík

Hafnargötu 5
620 Dalvík

Siglufjörður

Eyrargötu 24b
580 Siglufjörður

Akureyri

Hafnarstræti 91-95
600 Akureyri

Húsavík

Garðarsbraut 5
640 Húsavík

PACTA
L Ö G M E N N



Útgefandi: Eining-Íðja
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 -Bréfasími 460 3601
www.ein.is · ein@ein.is

Ábyrgðarmaður:
Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Prentvinnsla:
Ásprent ehf.

Forsíðumynd:
Sumarjól?
Mynd: Ásgrímur Örn

Frjálst er að nota efni úr blaðinu,
í heild eða hluta, þó þannig
að heimildar sé getið.



*Sendum Einingar-Íðjufélögum
svo og landsmönnum öllum
hugheilar jóla- og nýársóskir!*



ILLUGASTAÐUR
ORLOFSBYGGÐIN ILLUGASTAÐIR

Efnisyfirlit

- 6** Framkvæmdir á Illugastöðum
- 6** Desemberuppbót 2014
- 6** Nýr þjónustufulltrúi á Dalvík
- 6** Útborgun 30. desember 2014
- 8** Orlofsferðir Einingar-Íðju á árinu 2015
- 10** Eldri félagsmenn á ferð
- 10** Leikhúsfærð fyrir lífeyrisþega félagsins
- 12** Tveggjabrókaferð
- 16** Karpað og þjarkað
- 18** Jólaönd að hætti Nielsar á Icelandair
- 19** Kjara- og viðhorfskönnun
- 20** Ferð Einingar-Íðju til Ítalíu
- 26** Virk Starfsendurhæfingarsjóður
- 26** 30 umsóknir um starf ráðgjafa
- 27** Botnaðu nú!
- 28** Fréttapunktur
- 30** Fleiri ungmenni í virkni hjá Fjölsmiðjunni
- 32** Hér er jólakúla - um jólakúlu
- 24** Launi.is – hvað er nú það?
- 25** Erindi Pacta lögmanna á trúnaðarráðsfunði Einingar-Íðju
- 36** Þrjár félagsfundir
- 36** Netnámskeið fyrir ungt fólk
- 37** 41. þing ASÍ
- 38** Skýlaus krafa verður gerð um krónutöluhækkarnir
- 39** Miscellaneous information
- 40** Różne informacje
- 42** Vetrarleiga orlofshúsa
- 43** ข้อมูลต่างๆที่ควรทราบ
- 43** Gott að vita
- 44** Jólakrossgátan
- 46** Verðlaunagetraun

*Starfsfólk Enor
óskar félagsmönnum Einingar-Íðju
gledilegra jóla
og farvæls nýs árs.*



Starfsfólk SÍMEY

*Óskar öllum
gledilegra jóla*

Hlökkum til samstarfs á nýju ári



Kær kveðja

Erla Björg, Valgeir, Betty, Emil, Heimir,
Sóley, Helgi Þorbjörn, Kristín, Helgi,
Arnþrúður, Kristjana og Sigrún



Fjölmörg ný tækifæri
leynast í endurmenntun
á nýju ári fyrir alla

Fullt af spennandi nám-
skeiðum fyrir einstaklinga

Þjónustum fyrirtæki og
stofnanir

Frí náms- og starfsráðgjöf

Alltaf heitt á könnunni

Erum byrjuð að skrá í
námsleiðir sem fara af
stað eftir áramót



Framkvæmdir á Illugastöðum

Stjórn Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum ákvað fyrir á árinu að fara í framkvæmdir við að klæða húsin á svæðinu að utan með stálklæðningu. Jafnframt verður skipt um útihurðir og ýmislegt fleira lagað.

Ákveðið var að byrja á efra svæðinu og hófst vinnan við verknið í byrjun október. Fyrstu húsin sem byrjað var á eru í eigu félagsins, hús nr. 8 og 10. Myndin var tekin er tíðindamaður blaðsins var staddur á Illugastöðum í lok október. Stefnt er á að efra svæðið verði tilbúið í lok janúar.

Desemberuppbót 2014



Eining-löja minnir félagsmenn sína á, að þeir eiga rétt á að fá greidda desemberuppbót samkvæmt kjarasamningum. Upphæðin er mismunandi eftir samningum og við hvaða tímabil er miðað til skilgreiningar á fullu starfi. Uppbótina skal greiða í einu lagi og ofan á hana reiknast ekki orlof.

Upphæð desemberuppbótar samkvæmt kjarasamningi við ríkið og samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði er kr. 73.600, miðað við 100% starfshlutfall. Starfsmenn hjá ríkinu eiga að fá desemberuppbót greidda

1. desember og starfsmenn á almennum vinnumarkaði eigi síðar en 15. desember.

Upphæð desemberuppbótar samkvæmt kjarasamningi við launanevnd sveitarfélaga er kr. 93.500, miðað við 100% starfshlutfall. Starfsmenn sveitarfélaga eiga að fá sína desemberuppbót greidda 1. desember, skv. kjarasamningi.

Á heimasíðu félagsins, www.ein.is, má finna töflur sem sýna upphæð desemberuppbótar miðað við starfshlutfall og starfstíma.



Íris Hauksdóttir.

Nýr þjónustufulltrúi á Dalvík

Nýlega auglýsti félagið eftir þjónustufulltrúa á Dalvík og bærust tíu umsóknir um starfið.

Capacent sá um ráðningarferlið og tók forviðtöl við sex einstaklinga. Fjórir einstaklingar mættu í annað viðtal. Allt voru þetta mjög hæfir umsækjendur en að lokum var ákveðið að bjóða Íris Hauksdóttur starfið. Hún er 27 ára

Dalvíkingur og er nýlega útskrifuð frá Bifröst. Íris hóf störf þann 1. desember sl. og segist hlakka til að takast á við þau verkefni sem hennar biða hjá félaginu. Íris er með netfangið iris@ein.is.

Freydísí Antonsdóttur, sem starfað hefur fyrir félagið á Dalvík frá því í maí 2008, eru þökkuð góð störf í þágu Einingar-löju.

Sjúkrasjóður og fræðslusjóðir Einingar-löju

Útborgun 30. desember 2014

Greiðsla dagpeninga og styrkja vegna desembermánaðar fer fram 30. desember nk. og verður það síðasti greiðsludagur á þessu ári.

Skila þarf gögnum til félagsins í síðasta lagi 22. desember næstkomandi til að ná þessari útborgun. Það sem kemur inn eftir þann tíma verður greitt í lok janúar 2015.

JÓAKIM heildarlausn fyrir stéttarfélög

Inít ehf. er hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir lífeyrissjóði og verklýðsfélög
Inít ehf. þróar, rekur og þjónustar JÓAKIM, sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi

- Öflugt iðgjaldainnheimtukerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfakerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar jafnt stórum sem smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarféлага



Inít ehf. • Smáratorgi 3 • 201 Kópavogi • Sími 510 7200 • Fax 510 7220 • init@init.is • www.init.is



ABC Studios er komið í Sjónvarp Símans

Betri
11.230 kr.

Síminn

ABC Studios er nýjung í Sjónvarpi Símans þar sem þú finnur fjölda erlendra þáttaraða með íslenskum texta – alls verða yfir 500 klukkustundir af efni í boði. Þar á meðal eru Grey's Anatomy, Scandal, Betrayal, Perception og margt fleira.

ABC Studios, ásamt úrvali af annarri afþreyingu fyrir alla fjölskylduna, fylgir Betri heimilispakkanum.

- Ljósnetið** - hraðvirkt og öruggt
- ABC Studios** - ný efnisveita í anda Netflix
- Heimasíminn** - ómissandi heimilistæki
- Sjónvarp Símans** - sjónvarpsstöðvar, Tímaflakk og SkjárBíó
- Netvarinn** - útilokar óæskilegt efni af netinu
- SkjárKrakkar** - talsett barnaefni

Þú getur meira með Símanum

Verð án línugjalds

ENNEEM / NIM6659

Orlofsferðir Einingar-Iðju á árinu 2015

Hjá félaginu starfar ferðanefnd sem undirbýr og skipuleggur ferðir á hverju ári fyrir félagsmenn. Aðalfundur ár hvert kys fjóra félagsmenn í nefndina, og skulu þeir ekki eiga sæti í stjórn félagsins, en auk þeirra á formaður, og í forföllum hans varaformaður, sæti í nefndinni. Undanfarin ár hafa þrjár ferðir verið í boði; utanlandsferð, „Fjallaferð“ innanlands og eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn. Að auki verður boðið upp á borgarferð í samvinnu við Ferðaskrifstofu Akureyrar á næsta ári. Nánar má lesa um ferðirnar hér fyrir neðan.

Svíþjóð og Noregur

Farið verður til Svíþjóðar og Noregs 1. til 10. júní 2015, ef næg þátttaka fæst. Hámark 50 manns. Flogið verður frá Keflavík til Stokkhólms. Þaðan verður ekið til Uppsala þar sem gist verður í þrjár nætur. Frá Uppsala verður farið í dagsferðir m.a til Stokkhólms og um sænska skerjagarðinn. Næsti gististaður er Charlottenberg í Svíþjóð en þangað verður farið um vatnasvæði Svíþjóðar á leið til Noregs og gist eina nótt. Lengsti keyrsludagur ferðarinnar er síðan um norska fjallafegurð frá Charlottenberg til Voss í Noregi. Í Voss verður gist í þrjár nætur og farið þaðan í skoðunarferðir, m.a að lengsta firði Noregs – Sognafirðinum, til Flåm þar sem huldufólkið syngur í hamrabeltum og til Bergen. Síðustu tvær næturnar verður gist í námunda við Osló og farið í skoðunarferð til Oslóar og nágrennis. Flogið frá Osló til Keflavíkur.

Gist verður í tveggja manna herbergjum á hótélum.

Leiðsögumaður verður Sigurbjörg Árnadóttir, bílstjóri Sveinn Sigurbjarnarson og fararstjóri Björn Snæbjörnsson.

Verð kr. 269.000 á mann. Óafturkræft staðfestingargjald er kr. 40.000.

Dregnir verða 18 orlofspunktar frá punktæign þeirra sem fara í ferðina.

Innifalið í verði:

- Akstur: Allur akstur erlendis.
- Flug: Keflavík – Stokkhólmur / Osló - Keflavík.
- Gisting: 9 nætur í tveggja manna herbergjum á hótélum með morgunverði.
- Kvöldverðir innifaldir alla dagana erlendis.

Ekki innifalið í verði:

- Ferðir og gisting innanlands, sigling í skerjagarðinum og aðgangseyrir á söfn.

- **ATH!** Boðið verður upp á rútuferð suður



31. maí, gistingu í Keflavík og rútuferð norður 10. júní.

Ferðalýsing

Mánudagur 1. júní 2015

Flug Keflavík – Stokkhólmur. Ekið til Uppsala þar sem gist verður í 3 nætur á Scandic Uppsala North.

Uppsala var á öldum áður pólitísk- og trúarleg miðstöð Svía en er nú rómuð mennta- og menningarborg og hefur m.a. að geyma elsta háskóla Svíþjóðar miðaldakastala Gustav Vasa og helstu bækistöðvar hersins. Íbúafjöldi Uppsala er þó innan við tvöhundrað þúsund.

Þriðjudagur 2. júní 2015

Stokkhólmsborg þykir með fallegri borgum noðan Alpafjalla. Miðhluti borgarinnar er byggður á fjórtán eyjum og ströndum skerjagarðsins þar sem vatnasvæði Mälaren mætir Eystrarsaltinu. 53 brýr tengja eyjarnar. Gamli bærinn skoðaður þar sem sagan drýpur af hverju stráí og kóngar og drottningar arka um götur undir vernd lífvarða. Einnig verður farið í Djurgården sem er stærsta útivistarsvæði Stokkhólms og er í raun risastór almenningsgarður. Þar er að finna elsta útisafn heims, Skansen, sem stofnað var 1891. Húsakynninn eru mörg hver miklu eldri og innandyra eru ekki tómir leikmunir heldur alvöru atvinnurekstur innan um alla gömlu innanstokksmunina. Bakarinn bakar til dæmis sætar og góðar "kanelbullar" í 140 ára gömlu bakaríi og kryddsalinn selur saffranið yfir tvö hundruð ára gamalt verslunarborð.

Miðvikudagur 3. júní 2015

Ekki er hægt að yfirgefa Stokkhólm án þess að bregða sér í siglingu. Siglt frá Stokkhólmi yfir

Mälaren til Mariefred, sem er friðsæll og unaðslegur smábær í grænu umhverfi. Elsti hluti bæjarins einkennist af gömlum timburhúsum sem standa við þröngar götur, sem liggja niður að Mälaren.

Fimmtudagur 4. júní 2015

Töskum troðið í rútu og ekið sem leið liggur í vestur - þvert yfir vatnasvæði Svíþjóðar til – Charlottenberg sem er skammt frá landamærum Noregs. Á leiðinni verður skoðað það sem fyrir augu ber og staldrað við á völdum stöðum áður en lagst verður til hvílu síðustu nóttina í Svíaríki. Keyrsludagur um mjög góða vegi. Gist verður í eina nótt á Thon Hotel Charlottenberg.

Föstudagur 5. júní 2015

Frá Charlottenberg verður haldið til Voss í Noregi með sína riflega 14.000 íbúa. Voss er mikil miðstöð vetraríþróttar en einnig vinsæll útivistarstaður að sumri. Voss á ný og gömul tengsl við Ísland allt frá tímum Egils Skallagrímssonar og það var í Voss sem Þórbergur forðum skvetti úr skóhlífunum sínum þegar hann gisti hjá afa Ívars Eskeland og ekkert var næturgagnið svo hann mátti pissa í skóhlífarnar. Þessi dagur, um norska fjallasali, verður sá lengsti í keyrslu.

Laugardagur 6. júní 2015

Það er ekki ofsögum sagt að Noregur sé á meðal fegurstu landa heims. Ferðalangar fá nasapref af fjölbreytileika þessa grannríkis þegar farið verður til Flåm við Sognafjörð þar sem huldukonurnar syngja í klettum. Staldrað við á Stallheim hótél þar sem m.a. er hægt að dásama útsýnið og sjá varðstöð þjóðverja frá seinni heimsstyrjöld.

Sunnudagur 7. júní 2015

Bergen/Björgvin er næst stærsta borg Noregs

með um 270.000 íbúa og liggur á milli sjö fjalla. Björgvin hefur verið kaupstaður síðan á dögum Ólafs konungs kyrra (d. 1093), og var oft aðsetur konunga áður fyrr. Bergen er oft nefnd vagga norskrar tónlistar og það ekki að ástæðulausu. Hjarta og tákn miðbæjarins eru hús frá tíma Hansakaupmanna (Bryggen) sem komin er á heimsminjaskrá UNESCO. Á Fiskitorginu iðar mannlífið frá því árla morguns og lestarfeð uppá Flöjen er engu lík með útsýni til fjallanna sjö.

Mánudagur 8. júní 2015

Klífið niður hálendið og haldið sem leið liggur í átt til höfuðborgarinnar – Osló. Á leiðinni virða ferðalangar fyrir sér bændur og búalið og skipta úr nýnorsku í bókmál. Gist verður tvær nætur á Comfort Hotel Ringerike

Þriðjudagur 9. júní 2015

Höfuðborgin Osló er í senn smáborg og stórborg, gamaldags og nýmóðins, full ævintýra og sögu. Osló er elsta höfuðborg Norðurlanda en það var Haraldur hárráði sem stofnaði hana árið 1050. Svipast verður um í borginni, kíkt kannski í búðarglugga og drukinn bjór á Aker Brygge.

Miðvikudagur 10. júní 2015

Noregur kvaddur og haldið heim á leið.



FERÐASKRIFSTOFA AKUREYRAR

Hólmavík-Strandir- Snæfjallaströnd-Reykjanes

Fjögurra daga síðsumarferð verður farin til Hólmavíkur um Strandir, Snæfjallaströnd og um Reykjanesið dagana 10. til 13. ágúst 2015, ef næg þátttaka fæst. Hámark 47 manns. Fyrsta daginn verður farið til Hólmavíkur þar sem gist verður allar næturnar. Á öðrum degi verður farið út í Ingólfsfjörð. Á þriðja degi farið út Snæfjallaströnd og um Reykjanesið. Á fjórða degi farið heim um Dalí, Skarðsströnd og Laxárdalsheiði.

Ferðin kostar kr. 38.000 á mann. Innifalið er allur akstur, gisting í uppþúnum rúmum og leiðsögn. Ekkert fæði innifalið. Óafturkræft staðfestingargjald er kr. 5.000.

Leiðsögumaður verður Jóhann Svavarsson, bílstjóri Sveinn Sigurbjarnarson og fararstjóri Björn Snæbjörnsson.

Borgarferð í samvinnu við Ferðaskrifstofu Akureyrar

Félagið býður upp á borgarferð í beinu flugi frá Akureyri haustið 2015 í samvinnu við Ferðaskrifstofu Akureyrar

Fargjaldið verður greitt niður um kr. 6.000 fyrir félagsmann, þó að hámarki fyrir 50 manns. Ferðin verður nánar auglýst síðar þegar áfangastaður og dagsetningar hafa verið ákveðnar.

Eins dags ferðin

Eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-Íðjufélagið verður farin 22. júní 2015. Farið verður austur í Mývatnssveit þar sem verður snæddur hádegisverður. Þaðan verður farið að Dettifossi og svo til Húsavíkur þar sem drukkið verður kaffi. Að því loknu verður ekið til Akureyrar á ný.

Ferðin kostar 6.000 krónur á mann.

Allar nánari upplýsingar um ferðatilhögun og skráning í ferðirnar verður á skrifstofu félagsins á Akureyri, Skipagötu 14, sími 460 3600, frá mánudeginum 5. janúar 2015. Þá verður hægt að skrá sig í utanlandferðina og innanlandsferðina. Athugið að síðar verður auglýst hvenær byrjað verður að skrá í eins dags ferðina.



Heyrnar- og talmeinnastöð Íslands

Opnunartími á Akureyri

**MIÐVIKUDAGA og FIMMTUDAGA
frá kl 09:45-17:00**

Opinn tími fimmtudaga 12:30-13:00

Tímamantanir í síma 581 3855
HTÍ á Akureyri, Hafnarstræti 99, 4.hæð

**Heyrnarmælingar - Heyrnartæki
Hlustarstykki - Rafhlöður - Aðstoð**

www.hti.is



Eldri félagsmenn á ferð



Þann 24. júní sl. var farið í árlega dagsferð fyrir aldraða félagsmenn. Ekið var af stað frá Akureyri kl. 9:00 og var stefnan tekin á Sauðárkrók. Ekið var sem leið lá yfir Öxnadalshéiði og eftir að hafa stoppað aðeins í Varmahlíð og kíkt á Grettislaug á Reykjstraðrönd var snæddur hádegisverður á Kaffi Krók á Sauðárkróki. Sumir kíktu aðeins í Maddömukot áður en farið var fyrir Skagann og sem leið lá í Spákonuhof á Skagaströnd. Þar var m.a. spáð í lófa hjá nokkrum ferðalöngum. Næst var ekið yfir Þverárfjall og síðan eins og leið lá til Siglufjarðar þar sem drukkið var síðdegiskaffi á Kaffi Rauðku. Að því loknu var keyrt til Akureyrar á ný.

Um 50 félagsmenn fóru að þessu sinni í ferðina sem tókst í alla staði mjög vel. Einn ferðalangur var í þriðja sinn að keyra fyrir Skagann og sagði að loks hefði hann séð eitthvað því í hin tvö skiptin var svartar þoka á svæðinu.

Leiðsögumaður í ferðinni var Óskar Þór Halldórsson og Kristján Davíðsson, bílstjóri hjá SBA, sá um aksturinn og var klappað fyrir þeim í lok ferðar fyrir vel unnin störf.

Látum myndirnar tala sínu máli.

Leikhúsfærð fyrir lífeyrisþega félagsins

Nýlega fóru félagsmenn sem eru lífeyrisþegar í boði félagsins á leikritið Verksmiðjukrónikuna sem Leikfélag Hörgæla sýndi á Melum í Hörgárdal. Rúmlega 100 félags-

menn og makar þáðu boðið og skelltu sér á sýninguna sem var hin besta skemmtun. „Vel að verki staðið,“ eins og einn leikhúsgesturinn orðaði það.





Fyrir þig, hjartað mitt



Hjartamagnýl®

– Dýrmæt forvörn

75 mg sýrupolnar töflur

Notkun: Hjartamagnýl sýrupolnar töflur innihalda 75 mg af asetýlsalícýlsýru. Hjartamagnýl er tekið til að minnka hættuna á að blóðtappar myndist og fyrirbyggja þannig frekari: Hjartaáföll, heilablóðföll, vandamál í hjarta og æðum hjá sjúklingum með hjartaöng, sem er í jafnvægi eða óstöðug. Hjartamagnýl er einnig notað til að koma í veg fyrir myndun blóðtappa eftir ákveðnar tegundir hjartaadgerða til að vikka eða opna æðar. Ekki er mælt með notkun lyfsins við bráðaaðstæður. Það er eingöngu hægt að nota sem fyrirbyggjandi meðferð. **Skammtar og lyfjagjöf:** Almenn er ráðlagður skammtur 75-160 mg einu sinni á dag. Töflunum skal kyngja heilum með nægilegu magni af vökva. Vegna sýrupolnu húðarinnar skal ekki mylja, brjóta eða tyggja töflurnar. Börnum og unglingum yngri en 16 ára skal ekki gefa asetýlsalícýlsýru, nema samkvæmt læknisráði þegar ávinningur vegur þyngra en áhættan. **Varúðarreglur:** Láttu lækinn vita áður en þú tekur Hjartamagnýl ef þú ert með nýma-, lifra- eða hjartavandamál, ert með eða hefur einhverri tíma verið með vandamál í maga eða smáþörmum, ert með háan blóðþrýsting, ert með astma, frjökornaofnæmi, sepa í nefi eða aðra langvinna sjúkdóma í öndunarferum; asetýlsalícýlsýra getur framkallað astmakast, hefur verið með þvagsýrugigt, færð miklar tíðablaðingar. Þú verður að leita strax til læknis ef einkenni þín versna eða ef þú finnur fyrir alvarlegum eða óvæntum einkennum. Láttu lækinn vita ef þú ætlar að fara í aðgerð þar sem asetýlsalícýlsýra þynnir blóðið. Asetýlsalícýlsýra getur valdið Reye's heilkenni þegar hún er gefin börnum. Reye's heilkenni er sjúkdómur sem kemur órsjaldan fyrir og getur verið lífshættulegur. Af þessari ástæðu skal ekki gefa börnum yngri en 16 ára Hjartamagnýl, nema samkvæmt ráðleggingum læknis. Þú skalt gæta þess að ofþorna ekki þar sem notkun asetýlsalícýlsýru við slíkar aðstæður getur valdið skerðingu á nýrnastarfsemi. Þetta lyf hentar ekki til notkunar sem verkjalyf eða hitalækkandi lyf. **Meðganga og brjóstgjöf:** Leitið ráða hjá lækni eða lyfjafræðingi áður en lyf eru notuð. Þungaðar konur og konur með börn á brjósti skulu ekki taka asetýlsalícýlsýru nema samkvæmt ráðleggingum læknis. **Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Actavis Group PTC ehf. Október 2013.


Actavis 11

Tveggjabrókaferð

Dagana 11. til 14. ágúst 2014 ferðaðist fjölmennur hópur Einingar-löjufélaga ásamt mökum um Austurland. Nicole Kristjánsson var fengin til að skrifa ferðasögu og má lesa hana á næstu síðum. Elsa Sigmundsdóttir var Nicki til halds og traust við söguritunina, en þær starfa báðar hjá félaginu sem VIRK ráðgjafar.

Jæja, fyrsta fjallaferðin með Bjössu. Hvernig verður þetta eiginlega, hugsaði ég og horfði á Elsu. Það var eitt stórt spurningamerki í augum hennar líkt og hjá mér. Annað slagið spurði ég mig, bíddu nú við, hvernig verður þetta eiginlega? Þið fáið upplýsingarnar seinna, þetta verður ekkert mál, sagði Bjössu. Ég verð náttúrulega að treysta formanninum, er það ekki? Og já, allavega fengum við að vita hvað við þyrftum að taka með okkur í ferðina. Svo var bara að mæta daginn eftir.

Vonandi spyr mig enginn um neitt, hugsaði ég með smá kvíðahnút í maganum, annars verð ég að viðurkenna að ég veit ekki neitt um þessa ferð. Og svo var ég mætt fyrir utan Alþýðuhúsið. Það sem fyrir augu mér bar „hallelúja“ hér var almennilegt fólk á ferð! Það voru fleiri kælitöskur en fatatöskur í farangursbólfinu. Þetta er nú hópur að mínum smekk. Sá sem hefur þekkt mig í meira en einn dag veit að þessi kerling frá Þýskalandi er matarmanneskja. Mikið var gott að vita það strax í byrjun ferðarinnar að maður myndi alla vega ekki deyta úr hungri upp á fjalli með allt þetta nesti. Sveinn bíl stjóri keyrði okkur “save and sound” yfir Námaskarð. Það var gaman að hlusta á Dísu okkar að segja sögur á leiðinni austur og mín bara orðin slök, kósýheit í rútunni eftir að vera búin að skoða Péturskirkju



og borða almennilegt nesti í Hrossaborgum þar sem litskrúðugur regnboginn sveigði sig um himnininn. En allt í einu beygði Sveinn bíl stjóri út af veginum, á einhvefja slóð sem varla sást. Til að gera hvað eiginlega? Hvert í hoppandi! Ég sé ekki neitt nema sand og steina framundan. Vegurinn lá grýttur og hlykkjóttur í gegnum sandauðnina. Af og til þyrftu þrír beljakar að fara út og færa til heljar stóra steina af slóðinni svo rútan kæmist leiðar sinnar. Ætli þetta sé visbending um það sem bíður mín?

Ahhhh, en mikið var gaman að koma í sæluhúsið við Jökulsá á Fjöllum. Þar sem hann Ferju-Bensi hélt til og ferjaði ferðalanga yfir Jökulsána. Hugsði ykkur, hvað forfeður ykkar hafa þyrft að ganga í gegnum hér í þessari auðn.

Sól og ský dönsuðu saman á himninum og fannst mér mjög gaman að fylgjast með þeim á leiðinni í Möðrudal. Leiðin lá yfir Grjótgarðsháls átt að Skessugörðum og Sænautaseli. Ég veit nú ekki hvort Bjössu fékk hugmyndina um hvert ætti að fara fyrir eða eftir að við Elsa

ákváðum að koma með í ferðina. Það er líka spurning hvor okkar er skessan og hvor sænautið? Okei, okei, Elsa, ég býð mig fram um að vera sænautið.

Um kvöldið var grillað og snætt ljúfengt kjöt við Skipalæk. Gaman var að spjalla um daginn og veginn. Það var smá höfuðverkur hvernig við ætluðum að koma skessu og sænauti fyrir í einu og sama rúmi sem var ekki nema 120cm breitt. Samt var sofíð og meira segja sofíð vel.

Næsta dag lá leiðin í Mjóafjörð. Myndastopp var á hverju horni. Guð! hvað mér fannst gaman að skoða Klifbrekkufossana á leið okkar niður í Mjóafjörðinn en þetta er stórfengleg fossasyrpa sem fellur niður hæð af hæð niður í Prestagilið, en þangað voru prestarnir tældir af tröllskessu sem bjó í gilinu. Í Brekkuborpi skoðuðum við myndarleg hús sem var búíð að breyta í hlöðu og hesthús. Þau vöktu svo sannarlega athygli mína. Einnig skoðuðum við kirkjuna í þorpinu. Við vorum svo heppin að fá tækifæri til að skoða heimili fyrrverandi þingmanns, Vilhjálm Hjalmarssonar á Brekku á bakaleiðinni, sem er orðin hálfgerð safn.

Í hverju stoppi breyttist skessan í fjallageit. Hún stökk til og frá til að taka myndir af hinu og þessu og helst myndir af stöðum sem erfitt var að komast á. Bjössu var nú frekar órólegur með þetta. Oft á tíðum heyrði maður sagt með raunamæddri röddu og það oftast en einu sinni. Hvar er Elsa? Sáu þið hvert Elsa fór? Bjössu virtist ekki alveg sannfærður um að komast heim með allan hópinn og kvað:

*Er á hlaupum ólm og heit,
ákaft myndar sérhvern reit.
Svona fimmtug fjallageit
finnst ekki í neinni sveit.*



Morgunþokan hafði lyft sér upp og sjást vel í fjöllin hinu megin fjarðarins á leið okkar út á Dalatanga. Þar mátti sjá yfir á Barðsneshorn og hin litskrúðuðu Rauðubjörg blöstu við. Á Dalatanga fengum við að skoða bæði gamla og nýja vitann. Sonur Marsibilar bónda og vitavardar á Dalatanga leiddi okkur um nýja vitann og sýndi okkur hann og sagði frá. Úti reyndu allir að leita að skjóli fyrir norðaustan áttinni sem barði á okkur og minnti okkur á hversu grimmt hún getur verið á slíkum stað. Á leiðinni til baka myndaði Elsa fífur, bláklukkur, fossa og fjörur, á meðan hinir í hópnum strunusuðu út úr rúttunni í þeim eina tilgangi að finna ber! Krækiber, bláber og allskonar ber sem rötuðu í þau ílát sem fundust í rúttunni. Ef sást tóm flaska eða bolli einhvers staðar var spurt hvort ekki væri hægt að klára svo hægt væri að fylla ílátid berjum. Og allir voru sáttir með lífid. Ekki var nú tilhugsunin um rjómann í Kaupfélaginu á Egilsstöðum slæm og hlökkudu menn til að fá ber og rjóma síðar um kvöldid. Vá, með hvaða eðalhópi er ég eiginlega? Þetta er sko rétta forgangsröðunin og ég kann sko sannarlega að meta hana!

Þriðji dagurinn rann upp með smávægilegri rigningu í byrjun og þoka lá yfir fjöllum. Þó reyndi sólin sitt ýtrasta við að koma geislum sínum í gegnum þokuna. Jú, við erum á leið í Loðmundarfjörð. Á leiðinni var komið við í Kjarvalshvammi. Þar gat fólk borið saman málverk Kjarvals og landslagid sem honum þótti svo vænt um og málaði. Ég var nú frekar hugsýf því að þessi kofi sem Kjarval hafðist við í væri kallaður sumarbústaður „sumarbústaður“ í þeirri mynd sem er í tisku í dag er frekar í líkingu við einbýlishús fyrir 8 manna fjölskyldu.

Áfram var haldið í Njarðvíkur og yfir Njarðvíkurskriður til Bakkagerðis á Borgarfirði eystri. Þar var stoppað litla stund og fengu menn sér ýmislegt til að narta í. Á meðan stökk fjallageitin

upp á Álfaborgina í rigningarúðanum til að mynda. Ekki sáust Dyrfjöllin en Tindafellið sást þó vel. Sagan segir að tindar þess séu tröll á göngu sem ekki komust í hellinn sinn fyrir sól-aruprás.

Gunnar hafði lofað góðu veðri í ferðinni og spyr Dísu hvort hún sé ekki bara að verða nokkuð ánægð með veðrið þar sem fjöllin sjáist nú bara nokkuð vel og sólin farin að skína af of til. Þá svaraði Dísu. Gunnar minn, þú þarft nú að gera betur en þetta.

Mmhmm, þið sem voruð með okkur í ferðinni og eruð að lesa þetta núna, eru kannski komin með smá glott á andlitið af þeirri tilhugsun um hvernig útlendingurinn í hópnum, sem enn er með bros á vör í sakleysi sínu og nýtur þess að keyra í rólegheitum fram hjá Hvítserki í átt að Húsavíkurskála. Skálavörðurinn kemur hlaupandi og vinkandi á móti okkur og reyndi að sannfæra Svein bílstjóra um að snúa við. Þessi slóð er engan vegin fær rútu, segir hann. Sveinn hélt nú að þetta væri ekki mikið mál kvað hástöfum við stýrið.

*Ég skal Miðness hálsinn halda
hrakspár síst mér ótta valda.
Ykkur sýnir feegurð falda
friðarstund á efstu hæð.
Mjög hún verður minnisstæð.*

Hann var greinilega að sunnan þessi skálavörður, þekkti hvorki Svein né Bjössa. Eftir matarstopp var svo lagt af stað undir ströngu eftirliti blessaða mannsins í gegnum kiki.

Ennþá fannst mér frekar gaman að þessu öllu og taldi mig ýmsu vana þegar kemur að fjallaakstri. Leiðinn lá upp á við og varð brattari og brattari, beygjurnar urðu þrengri og þrengri og allt í einu var allt stopp. Það þurfti að bakka...já einmitt. Og ég með vinstri rasskinnina langt fyrir utan veginn. Ég gerði nokkuð, sem þau sem þekjja mig vel, upplifa frekar



Það er oft breitt aldursbil í Einingar-löju-ferðum.

sjaldan „ég steinþagði“, lokaði augunum til að sjá ekki blásvarta reykskýið sem lagði fram með hlið Maddýar, reynslu mikla truknum okkar. Ég vonast bara til að lifa þetta af, hugsaði ég og kreysti aftur augun. Bjössi lýsir svo framhaldinu betur.

*Snarbrött beygja angist eykur
enda mótors kraftur veikur.
Svartur huldí rútu reykur,
rambar til með brak og hopp.
- Þar varð Maddý steinastopp!*

*Út nú vildu allir fara
yfirþrýsting varð að spara,
enda hvíldi eins og mara
á þeim kantsins svimahæð.
- Afleiðing hans ekki ræð!*

Þegar upp var komið gat ég ekki gert neitt annað en að kvarta strax við Bjössa. Það er nú besta streitulosunin fyrir konur, að finna sér karl til að kvarta hressilega í. „Bjössi, þú varst ekki að segja mér að koma með auka brók með mér!“ Einhver aftur í spurði: „Varstu að pissa á þig?“ „Nei, frekar hitt!“ svaraði ég og bar mig aumlega og sagði.





*Ég er víðast bleik og blá,
bar mér enginn ferðaskrá.
- Þvílíka ógn og undur!
Talið gat ei táramergð,
- tveggja bróka glæfraferð!
Hristi mig hálfu sundur.*

En hvað það var himneskt að koma í Loðmundarfjörð og vel þess virði að missa smá í brók. Kannski er himneskt allstaðar eftir að hafa upplifað þvílíkt kvíðakast og ofsahræðslu samtímis, held samt ekki. Þókan var að láta undan og sólin að sækja á, sjórinn var fagur-blár og grasið ennþá grænt með smá haustí-vafi. Hvað getur verið fallelgra hér á landi en þetta. Þó var enn svolítil þokuslæða efst í fjöllunum. Dísá okkar fræddi okkur um að hæsta fjall Loðmundarfjarðar hétu Gunnhildur sem er mjög sérstakt þar sem fjöll heita yfirleitt ekki kvenkyns nöfnum. Dísá minnti Gunnar á loforð um gott veður, enn væri skýjahula yfir Gunnhildi og kvað skipun.

*Kynja glettur kenn'd'enni,
kænn frá sprettu gráskildi.
Ylinn réttu að henni,
upp um flettu Gunnhildi.*

Á leið okkar inn Loðmundarfjörð komum við að þröngri beygju og brú. Nú voru góð ráð dýr, því hvernig sem Sveinn reyndi náði hann ekki að koma Maddý úr beygunni og yfir

brúna. Tekið var á það ráð að reka alla út úr rúttunni og hvarf rútan með Svenna á brott. Skyldi hann vera farinn! Eftir augnablik sást þó í afturenda rúttunnar, við stýrið sat einbeittur bílstjórinn. Sveinn stýrði Maddý svo listilega yfir brúna. Bjössu stóð við hinn enda brúarinnar, gaf skipanir um hvar skyldi aka, hversu langt og hvort hjólin væru inn á veginum eða utan hans. Elsa var með myndavélina nánast ofan í hjólfarinu og kvað.

*Á veginn kom nú bölvuð beygja
á brúaræfil inn þarf sveigja.
Til þess vonir engir eygja,
ötta það við dauðann jók.
Sál og búka skelfing skók.*

*Svenni hló nú kampakátur
kærði sig ei neitt um gátur,
Hunsaður var harmagrátur,
hentist glottandi af stað.
- Óðar horfinn, - eða hvað!*

*Afturábak aftur birtist
ei af baki dottinn virtist.
Ei við háðskot fólksins fyrstist,
flinkur gegnum brúna óð.
- Ógn af hjólum út af stóð.*

Oh ja, að sjá hann Svenna bakka yfir brúna án þess að missa eina einustu kælitösku í ána! Nestinu á kirkjustaðinn á Klyppsstað var þó að minnsta kosti borgið.



Á leiðinni til baka upp hálsinn sagði Bjössu nokkra brandara og við gerðum okkar besta við að framkvæma eitthvað sem átti að líkjast söng á leiðinni niður hálsinn. Þökk sé söngnum að engin tók eftir brattanum á niðurleiðinni. Reyndar voru allir í rúttunni náhvítir í framan þegar niður kom en í þetta skipti ekki vegna þess hversu brattur og hlykkjóttur vegurinn var heldur vegna verkja í eyrunum eftir að hafa þolað 3ja manna blandaðann kór í boði Ein-ingar-löju! Sagt var að sumir hefðu verið svo afslappaðir að þeir sofnuðu en ég held frekar að þeir hafi kosið að missa meðvitund en að hlusta á kórinn.

Það var yndislegt að vakna síðasta dag ferðarinnar, sól og heiðskýrt og fjallabjart. Þetta var tilvalið veður til að keyra yfir Hellsheiði og virða fyrir sér útsýnið þaðan. Það að horfa yfir ósa Héraðsfloans og sjá Dyrfjöllin loksins í allri sinni dýrð var alveg himneskt. Gunnar hafði svo sannarlega staðið við loforð sitt um að rífa þokuna burt og fá sólina til að skína glatt.

*Gunnars bæn var glöð og kær
góða bænheyrslu því hlýtur.
Merla Dyrfjöll morguntær,
myndarinnar sérhver nýtur.*

Dísá sagði okkur ýmsar sögur á leiðinni. Stoppað var nokkrum sinnum á leiðinni til Vopnafjarðar. Rúttunni lagt við Kaupþún. Kíkt var í Galleríði en þar tók á móti okkur kona af íslensk-kanadískum ættum, uppabúin og fín. Einhverjir sáu hana síðar í þáttunum „Vesturfara“ þar sem hún talaði um að hafa klárað hringinn með því að koma aftur til Íslands.

Á leiðinni heim var stoppað á Bakkafirði, Þórshöfn og Ásbyrgi. Í Ásbygi fóru menn út og gengu niður að Botnstjörn og sumir gengu upp á útsýnispallinn og horfðu yfir tjörnina. Merkilegt, hérna er alltaf logn og alltaf jafn fallett að koma.

Nú var komið að hópmyndatöku eins og vant er í slíkum ferðum hjá Einingu-löju. Allir kallaðir saman og búið að ræsa út bílstjóra frá Selfossi sem staddur var þarna með hóp. Bílstjórinn var búinn að smella margoft af öllum myndavélunum sem með voru í ferðinni. Kemur þá ekki einn úr hópnum út af kamrinum.

Allir voru sáttir og sælir þegar rennt var inn á Akureyri um kvöldmatarleiðið eftir góða ferð.

Mér fannst æðislegt að vera meðlimur í þessum eðalhópi og mjög gaman að ferðast með ykkur í gegnum þykkt og þunnt í þessari „Tveggjabrókaferð.“

Nicki og Elsa. Vísur gerði Sigm. Ben.



Gjafakort Íslandsbanka

Gjöf sem er alltaf efst á óskalistanum

Gjöf sem þú getur verið viss um að hittir í mark
Gjafakort Íslandsbanka er gjöf með endalusa
möguleika. Kortið gildir eins og önnur greiðslukort
jafnt í verslunum um allan heim og á netinu.

Þú færð gjafakortið í fallegum umbúðum
í næsta útibúi Íslandsbanka

islandsbanki.is



Netspjall

Sími 440 4000



Facebook



HAGSMÍÐI
TRÉSMÍÐAVERKSTÆÐI
SÍMAR 893 5840 & 771 6816

Karpað og þjarkað

Af verkalýðs-sögu-skrifum

Síðastliðið haust byrjaði Jón Hjaltason sagnfræðingur að rita sögu Einingar-löju og er fyrirhugað að bókin verði gefin út á fyrri parti ársins 2018. Tíðindamaður félagsblaðsins heyrði í Jóni og forvitnaðist hvernig verkið gengi. Gefum Jóni orðið.

Þetta mjakast hjá mér. Saga vor hefst aftur á 19. öld. Við Steini deilum að vísu um stofnár Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar hins eldra en er á öðru von? Stundum felur sagan sjálfa sig svo rækilega að við neyðumst til að geta okkur til um staðreyndir málsins – ágískanir okkar hafa þó ekki valdið teljandi illindum á ritstjórnarfundum – að minnsta kosti ekki ennþá.

Annars er ég kominn af 19. öld og inn á þá 20. í skrifunum og það get ég sagt ykkur að ýmislegt leynist þar sem ekki hefur farið hátt til þessa. Til dæmis að fyrsti bæjarstjóri Akureyrar hefði ekki verið ráðinn sumarið 1919 heldur miklu síðar ef Verkamannafélag Akureyrar hefði ekki beitt sér í málinu.

En dveljum ekki lengur við þennan formála, mig langar nefnilega til að birta ykkur svoltið sýnishorn úr sögunni. Grípum þar niður sem segir frá helstu baráttumálum elsta Verkamannafélagsins.

Undiraldan í samfélaginu

Hvað skyldi verkamönnum á Akureyri hafa legið á hjarta voríð 1897? Í tuttugu og einni lagagrein fjölluðu stofnendur Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar um helstu baráttumál sín og hugðarefni.¹ Strax í fyrstu grein eru tíunduð aðalmarkmið félagsins sem eru „að reyna að koma í veg fyrir skuldaverzlun meðal verkamanna, bæta kjör þeirra, og venja þá við að hjálpa hver öðrum af fremsta megni án allrar sjerðrægni og sundrunar.“

Verkamaðurinn átti að vera frjálss. Skuldugur var hann það ekki. En frelsið var innantómt ef ekki fylgdi því raunveruleg samstaða og samkennd með náunganum. Félagið ætlaði að ganga á undan með fögru fordæmi. Sektir og hluti félagsgjalda skyldu að renna í sjúkrasjóð til að standa straum af lífsupphaldi verkamanna er lögðust veikir en inngangseyrir í félagið var ein



Þrjónastofan Hekla. Myndin tekin í febrúar 1963.

króna en félagsgjöld 50 aurar ársfjórðungslega. Hér var þó ekki staðar numið heldur tiltekið að félagið væri „skyldugt að standa í ábyrgð fyrir lánnum er fjelagsmenn kunna að þurfa að taka að svo miklu leyti sem það er fært um.“ Ennfremur var félagsmönnum bannað að taka lán á eigin ábyrgð ef það stríddi gegn lögum félagsins eða tefdi efnalegu sjálfstæði þeirra í tvísýnu. Á sama hátt átti félagið að kunna fótum sínum forráð. Peninga þess átti að geyma í sparisjóði á Akureyri. Þó var heimilt að grípa önnur fjárfestingartækifæri, þau „er meiri arð gefa og ekki eru tvísýn.“

Allir sem gengu í Verkamannafélagið urðu að sverja því hollustu í heyranda hljóði og lofa að hlýta lögum þess í einu og öllu. Fimm manna eftirlitsnefnd hafði vald til að heimta upplýsingar um efnahag félagsmanna, ekki síst skuldir þeirra. Nefndin átti líka að kynna félagið fyrir verkamönnum er fluttust á mölina og fá þá til að ganga í félagið. Ennfremur átti hún að gæta þess „að menn dragi sig ekki í hlje þegar vinna fæst“.

Kauptaxta ætlaði félagið að ákvarða ársfjórðungslega, bæði dagvinnukaup og tímavinnu, og mátti enginn samþykkja lægra kaupgjald nema bera það fyrst undir stjórn félagsins eða almennan félagsfund. Launin átti að heimta í reiðufé. Að vísu eru slegnir varnaglar við þessu ákvæði. Félagsmönnum var heimilt að taka við vörum í stað kaupgjalds svo fremi þær væru „með sama verði og þar sem þær fást ódýrastar hjer á staðnum gegn peningum.“ Skuldir við vinnuveitandann gátu líka sett strik í reikninginn en alltaf skyldi þó verkamaðurinn fá hluta launa sinna í peningum. Færi nú allt í bál og brand út

af þessu og vinnuveitandinn heimtaði öll launin „verður viðkomandi fjelagsmaður að snúa sjer til fjelagsstjórnarinnar er svo ræður framúr hvað gera skuli þangað til rætt verður um mál hans á fundi.“

Fáeinum árum fyrr hafði Skúli Thoroddsen reynt að fá þingheim við Austurvöll til að samþykkja lög í svipaða veru en Skúli var mikið átrúnaðargoð Olgeirs Júlíussonar. Sumarið 1890 hafði Skúli komið siglandi frá Ísafirði með hvalveiðiskipi og heillað Eyfirðinga upp úr skónum sem völdu hann hiklaust fyrir þingmann sinn frekar en Einar Ásmundsson í Nesi. Aðrir voru ekki um hituna. „Við sem munum eftir Skúla þá, rúmlega 30 ára gömlum, munum aldrei gleyma honum“, rifjaði Olgeir upp löngu síðar. „Að sjá þennan íturvaxna og glæsilega mann og heyra hann tala, enda kom fljótt í ljós hversu mikið göfugmenni var þar á ferðinni.“² Þremur árum síðar útskýrði Skúli, þá orðinn þingmaður Ísafirðinga, fyrir alþingismönnum nauðsyn þess að kaupmenn væru skyldaðir til að gjalda verkamönnum sínum í „gjaldgengum peningum“ og beinlínis bannað að greiða með vöruúttekt. Þetta mun gera verkamenn „frjalsari efnalega og andlega“, útskýrði Skúli, þeir geta þá verslað þar sem kaupin gerast best, eru líklegri til að spara og eiga eitthvað í handraða þegar harðnar á dalnum og neyðast þá síður til að leggjast upp á bæjar sjóð. Mér er þó kannski efst í huga, predikaði Skúli yfir þingheimi, að við þetta munu verkamenn hrísta af sér hið andlega heli sem ekki er vanþörf á. Um það kvaðst hann geta borið af eigin raun:

¹ Hskj. Ak. F-238/1. Hér má deila um rithátt en ordrétt og stafarétt segir í litlu svörtu kompurni er geymir lög félagsins: „Lög Fyrir verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar“. Rithátturinn er hinn sami og í Austra, 8. janúar 1897, þar sem tilkynnt er um stofnun verkamannafélags – það er „verkmannafélag“. Í lögum akureyrarfélagsins er þó talað um verkamenn, aldrei verkmen. Við skrifum því fullum fetum Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar.

² Sólveig Kr. Einarsdóttir: Hugsjónaeldur, 78-79.

„Þeir þora t. d. ekki að greiða atkvæði á hreppsfundum eða bæjarkosningafundum öðruvísi en kaupmanninum þóknast; og kaupmenn út um landið vilja gjarnan ráða nokkru um það, hverjir sitja í sveitarnefnd, leggja á útsvarið, og áætla tekjuskattinn o. s. frv.“

Skólastjóri gagnfræðaskólans í Flensborg og þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, Jón Þórarinnsson, dró í efa að verkamenn kynnu að fara með peninga og ein helsta frjálsræðisætja Íslendinga og hægri hönd Jóns Sigurðssonar forseta, Halldór Kr. Friðriksson yfirkennari, óttadist þá miklu frelsisferðingu er hann taldi fólga í frumvarpinu. Vonandi verður þingið fljótt að murka úr því lífið, sagði hann og rak upp tröllahlátur, það mun aldrei samrýmast „því frelsi, sem allir eiga að hafa og allir vilja hafa.“ Þingmaður Snæfellinga og síðar Þjóðskjalavörður, Jón Þorkelsson, er þá þjóf í Kaupmannahöfn, tók í sama streng. Hér blasir við „svartasta ófrelsi“, fullyrti Jón, setja á frelsi einstaklinganna í hreinan voða „með því að þvertaka fyrir samningsfrelsi tveggja stjetta í landinu, sem sje kaupmannastjettarinnar og fátækustu og umkomuminnstu stjettarinnar, sem eru verkamennirnir.“

Þetta er alrangur sjónarhóll sem þið standið á, svöruðu Skúli og fylgismenn hans. „Allar þjóðir eru nú að reyna að bæta kjör verkamanna, en vandamál þykir það hvervetna, hvernig það skuli gera“, fullyrti Þorlákur Guðmundsson, þingmaður Árnesinga. Það er jafnvel rætt um að lögfesta átta stunda vinnudag, sagði Skúli, sem hefur kannski ekki orðið máli hans til framdráttar á þinginu enda fór svo að frumvarpið náði ekki fram að ganga. Einn þeirra er sögðu nei við því var þingmaður Ey-

**Ef einhver býr yfir minningar-
brotum sem tengjast sögunni
þá er sá hinn sami hvattur til að
hafa samband við Jón.**

**Hægt er að senda tölvupóst á
netfangið jonhjalta@simnet.is eða
hringja í síma 862 6515.**

**Sömuleiðis ef einhver á gamlar
myndir þá er hægt að senda póst á
Þorsteinn á netfangið steini@ein.is
eða hringja í síma 460 3600
og biðja um Steina.**

firðinga, Klemens Jónsson, sýslumaður og bæjarfógeti á Akureyri.³

Félagar í hinu nýstofnaða Verkamannafélagi Akureyrarkaupstaðar voru á öndverðum meiddi við yfirvaldið og óttuðust ekki um frelsi sitt, að minnsta kosti ekki þótt kaupmönnum yrði gert að skyldu að gjalda þeim verkalaun í reiðufé. Þeir vildu líka setja reglur um vinnutíma. Það er af og frá að hafa þetta eins og verið hefur, ræddu þeir sín á milli. Á fætur í rauðabítid og ekki heim aftur fyrir en langt er liðið á kvöld. Og alltaf sama greiðslan fyrir dagsvinnuna, sama hversu lengi staðið er við. Matartími engin sérstakur og menn nánast að laumast til þess yfir daginn að fá sér bita, norpandi undir húsvegg, í skjóli fyrir kaupmanninum. Nú skyldi spyrnt

³ Alþingistíðindi 1893, B, 895-925. Frumvarpið var flutt aftur 1897 en fellt. Hinn 14. febrúar 1902 gengu loks í gildi lög um greiðslu verkkaups. Það var í tveimur liðum, viðfedmt og afdráttarlaus.

við fótum. „Vinnutími fjelagsmanna skal fast ákveðinn 10 tímar á sólarhring og hefur enginn fjelagsmaður leyfi til að vinna lengur nema fyrir aukaborgun.“ Fólk í heyskap og sjómenn er þó undanþegið þessu ákvæði, samþykktu fjelagsmenn og færðu í lög.

Vinnutíminn og kaupgjald í peningum voru aðalbaráttumál Jóhannesar og félaga. Þetta var undirstrikað í lögum félagsins þar sem fjallað var um brot félagsmanna er vörðuðu brottrekstri úr félaginu. Þeir máttu vitaskuld ekki vinna því „visvitandi ógagn“, þeir urðu að virða vinnutímann og kaupgjaldsákvæðið. Annað var það ekki og þeir þurftu að sýna mikið ístöðuleysi og brjóta „oft“ gegn þessum samþykktum svo félagar þeirra sneru við þeim baki.⁴

Ekki er vitað til að reynt hafi á þessi ákvæði laga Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar né önnur. Um sumarið 1897 fluttist Jóhannes austur og árið eftir sigldi Olgeir til Noregs. Kannski varð þetta til að draga tennurnar úr félaginu. Að minnsta kosti fór afar lítið fyrir því og það nánast gufaði upp. Það gleymdist þó ekki alveg. Í apríl 1904 birti blaðið Gjallarhorn fyrirspurn frá ónafngreindum stofnanda Verkamannafélagsins er hafði greinilega fylgst með örlögum þess. Félagið átti 70 krónur í Sparisjóði Akureyrar, upplýsti gamli fjelagsmaðurinn, og nú hef ég heyrt að þær hafi verið borgaðar út. Hverjum vildi hann fá að vita. Svárið kom um hæl. Nafnlaust þó. Sjóðurinn er ávaxtaður í sparisjóði Norður- og Austuramtsins.⁵ Einhver hafði greinilega auga með peningunum en enginn impraði á því að blása nýju lífi í félagið.

⁴ Hskj. Ak. F-238/1. „Lög Fyrir verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar“.

⁵ „Úr heimahögum“, Gjallarhorn 8. apríl 1904, 39, og 15. apríl 1904, 43. Líkt og fyrirspurnin var svarið nafnlaust.

**Gefðu fyrirtækinu þínu
góða jólagjöf**

HAFNARSTRÆTI 97, 5. HÁÐ // 105 AKUREYRI
HAFNARBORG 10, 3. HÁÐ // 204 KÓPÁVOCI
// s. 464 8709 // f. 464 8721
// s. STEFNA@STEFNA.IS // WWW.STEFNA.IS

STEFNA
HUGBÚNADARHÚS

Jólaönd að hætti Nielsar á Icelandair

Í ár fengum við Niels Jósefsson matreiðslumann á Icelandair hóteli Akureyri til að gefa lesendum blaðsins hátíðaruppskrift og ákvað hann að senda inn uppskrift að jólaönd sem dugar fyrir 4 til 5 persónur.

Fjölmargin er í boði hvað varðar veitingar á hótelinu, bæði fyrir gesti og eins fyrir bæjarbúa. Veitingastaðurinn Aurora er opin frá 12:00 til 22:00 alla daga, en þar er í boði skemmtilegur smáréttaseðill og er sérstök áhersla lögð á hráefni úr héraði. Þá er alla laugardaga boðið upp á glæsilegt steikarhlaðborð frá kl. 18. Steik, meðlæti, salöt og eftirréttir. Eins er hið víðfræga High tea í boði frá 14.00 til 18.00 alla daga.

Jólin á Icelandair hóteli Akureyri verða hátíðleg og skemmtileg að vanda. Veitingastaðurinn Aurora, á neðri hæð hótelsins, býður í sannkallað jólaboð með glæsilegum jólaveitingum sem meistarakokkar hótelsins reiða fram á meðan ljúfir tónar hljóma undir borðhaldi. Þarna er auðvitað átt við jólahlaðborð hótelsins sem hafa verið vel sótt í nóvember. Þau verða einnig í boði næstu tvær helgar, reyndar er orðið fullbókað laugardaginn 6. desember nk.

Jólaönd að hætti Nielsar

Tvær Peking endur

1 lítri vatn

500 gr sykur

½ lítri edik

Vatn, sykur og edik er soðið saman. Öndin tekin og soðinu ausið yfir hana, það þarf að vera edik í vatninu svo að húðin skreppi saman. Vatnið þarf að vera sjóðandi á meðan þetta er gert. Næst er öndin látin hanga í 12 tíma við herbergishita. Þá er hún steikt í ofni, helst hangandi eða á grind í 55 mín við 160 gráður. Svo er hún aftur látin hanga í eldhúsinu við herbergishita í aðra 12 tíma.



Eftir þetta er fuglinn skorinn í 4 hluta og beinin pilluð úr nema leggbeinið og vængbeinið. Að lokum er öndin djúpsteykt rétt fyrir framreiðslu og skorin í bita.

Gott er að bera fram með öndinni sykurbrúnaðar kartöflur og létt steikt rötargrænmeti. Gott er að bæta við ristudu Lychee (úr dós). Chili krydduð plómusósa er ómissandi með.

Sósan:

1 flaska plómusósa

½ lítri soð

1 tsk chili mauk

¼ lítri rjómi

Pipar og salt

Soðið er gert þannig

Beinin úr öndinni eru sett í pott með smátskornum lauk og gulrótum, 1 tsk piparkorn, ½ tsk salt og 1 tening kjúklingakrafti. 1 og ½ lítra af vatni bætt út í og látið sjóða í 30 mín. Næst þarf að sigta grænmetið frá. Svo þarf að sjóða niður um 1/3 og þá er soðið tilbúið.

Setjið plómusósuna, chili og rjómann útí og smakkið til með salt og pipar.



Óskum viðskiptavinum nær og fjar gleðilegra jóla og farsæls nýs árs

Kjara- og viðhorfskönnun

Nýlega lét félagið, í samstarfi við AFL starfsgreinafélag, Capacent framkvæma könnun um ýmis atriði sem snerta kjör og aðstæður félagsmanna Einingar-löju og AFLs starfsgreinafélags. Um er að ræða sambærilega könnun og gerð var fyrir félögin sl. þrjú ár. Þátttaka í könnuninni var 51,7% sem er aðeins lakara en í fyrra. Von er á niðurstöðum síðar í desember, en úrvinnsla hennar stóð enn yfir þegar blaðið fór í prentun. Þegar niðurstöður ársins í ár liggja fyrir verður fróðlegt að bera þær saman við niðurstöður síðustu þriggja ára og sjá hvort miklar breytingar hafa átt sér stað.

Vinningsnúmer

Könnunin var líka happdrættismiði því allir sem tóku þátt gátu unnið veglega vinninga. Í bréfinu sem þátttakendur fengu var lukkunúmer. Búið er að draga og voru eftirfarandi númer dregin út.

1. vinningur, kr. 100.000, kom á númerið AFHFV423
2. vinningur, kr. 50.000, kom á númerið AFR35ZLTY
3. – 6. vinningur, vikuvöl í orlofsbúðum félaganna utan jóla- og páska tímabils á árinu 2015, komu á númerin AFYNJ8HL6, ENCKV5RZN, AFMLG2JVX og ENVEKAT5

Í ár var einnig sú nýbreytni að 20 þátttakendur lentu strax í happdrættispotti. Hinir heppnu vinningshafar fengu tilkynningu um það um leið og þeir höfðu lokið við að svara könnuninni, um er að ræða kr. 10.000 inn eign á debetkorti sem þeir nálguðust á skrifstofu félagsins á Akureyri.

Eining-löja óskar vinningshöfum til hamingju.



Gæðarúmföt

Sængurverasett úr damaski og silkidamaski



Handdýfð kerti

í mörgum litum



Útikerti

Endurvinnsla

Notuð bómullarefni

Tökum á móti slitnum rúmfötum, handklæðum og bolum í verslun okkar. Við framleiðum tuskubagga fyrir verkstæði og fyrirtæki úr efnunum

Kertastubbar og vaxafgangar

Hægt er að skila vaxi og kertastubbum á grenndarstöðvar, Endurvinnsluna, Réttarhvammi og í verslun okkar.

Skiltagerð

Leiðaskilti, hurðaskilti og fleira



Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur

Furuvellir 1 • 600 Akureyri • Sími: 461 4606

*Veljum íslenskt,
allir vinna*

Opið 8.00-16.00 virka daga

Gefdu gjöf sem gledur

Mikið úrval gjafakorta í heilsurækt, snyrti- og nuddmeðferðir í Aqua Spa, ásamt góðum húðvörur frá Sóley, NEE, Bare Minerals og Comfort Zone

Gleðileg jól og farsælt komandi ár!

ÁTA
HEILSURÆKT

AquaSpa

WWW.ATAKAK.IS • S: 461 4440 / 461 4444
WWW.AQUASPA.IS • S: 461 4445

Ferð Einingar-Iðju til Ítalíu

Dagana 5. til 17. júní 2014 ferðaðist fjölmennur hópur Einingar-Iðjufélaga til Ítalíu. Borghildur Jónsdóttir og Þórður Vilhjálmsson tóku að sér að rita ferðasögu og má lesa hana á næstu síðum.

„Land veit ég langt og mjótt“. Þessar ljóð-línur Sigurðar Þórarinssonar koma upp í hugann þegar ferð okkar til Ítalíu síðastliðið vor er rifuð upp.

Lagt var af stað frá Akureyri þann 4. júní kl. 17 með rútu frá SBA en hluti ferðalanga ferðaðist þó á eigin vegum. Ferðinni var heitið til Keflavíkur og ekið sem leið liggur þangað með matarstopp í Staðarskála. Gist var í Keflavík og hópnum skipt niður á tvö gistiheimili. Í Leifstöð mættu svo ferðalangarnir kl. 5 að morgni 5. júní og höfðu þá bæst í hópinn þeir sem ekki komu með rútnu suður. Flugvél okkar fór á réttum tíma, kl. 7:30 og lenti í München kl. 13:18 að staðartíma. Þar tóku á móti okkur þau Harpa Hallgrímsdóttir leiðsögumaður, Sveinn Sigurbjarnarson bílstjóri og kona hans Margrét Óskarsdóttir.

Í ferðinni voru alls fjórtíu og fimm manns, samhentur og góður hópur. Þar á meðal var níu ára stúlka, í fylgd með foreldrum sínum, sem má með sanni segja að lífgað hafi upp á ferðina. Fararstjórinn, Björn Snæbjörnsson, stjórnaði ferðinni af mikilli snilld eins og áður.

Þegar til München var komið var sest upp í bláa Mercedes Benz- rútu, sem Sveinn hafði nýlega keypt, og ekið suður á bóginn um Brennerskarð í átt að Gardavatni þar sem gist skyldi næstu 4 nætur. Brennerskarð er í Ölpunum í Tíról milli Austurríkis og Ítalíu. Skarðið



er um 95 km langt og 1372 m hátt. Veður var hið fegursta, logn og sólskin, og hiti fór í 24°C. Tvisvar var stoppað við vegasjoppur á leiðinni þar sem fólk fékk sér hressingu en á hótelið Caravel í Torbole við Gardavatn var loks komið um kl. 21:00.


Gardavatn er stærsta vatn Ítalíu 370 km², 52 km langt og allt að 17 km breitt og er mesta dýpt þess 346 m. Gardavatnið liggur í skjóli Alpanna í norðri en í suðri er Pösléttan. Staðurinn er rómaður fyrir náttúrufegurð og fjölbreytni. Fjöll og hamraveggir, vínviður, ólífutré, litlar bryggjur, baðstrendur og rómantískir göngustígar eru meðfram vatninu, ásamt smábæjum sem iða af mannlífi.



Næsta morgun, þ.e. föstudag, var lagt af stað frá hótelinu að loknum morgunverði og gengið niður á strönd. Þar fórum við í bát sem flutti okkur til Riva de Garda sem er nyrsti bærin við vatnið. Þar var gerður mjög stuttur stans vegna þess að tala farseðla passaði ekki og grunur vaknaði um að einhver úr hópnum hefði orðið eftir. Svo reyndist ekki vera heldur höfðu orðið mistök í afgreiðslunni. Nú var siglt til Limoni og bærin skoðaður. Þetta er dæmigerður ferðamannastaður þar sem alls konar varningi er stillt út á götur til að lokka ferðafólk til að kaupa. Þaðan sigldum við með óðum skipstjóra sem keyrði utaní bryggjustólpa en kom okkur þó yfir vatnið til Malcesine, án frekari áfalla. Þar gengum við um miðbæinn og fórum síðan með fjallakláfum upp á Monte Baldo, þessir kláfar eru eins konar búr sem ganga hægt á vír og snúast í hring á leiðinni svo að fólk getur notið útsýnisins. Monte Baldo er fjallgarður milli Gardavats og dalsins sem fljótið Adige fellur um til Adríahafs. Hæsti tindur fjallgarðsins er 2218 m en tindurinn sem við fórum upp á er 1776 m hár. Þarna uppi býr fólk með húsdýr og m.a. lamadýr. Einnig eru þar finir veitingastaðir þar sem okkur gafst tækifæri til að kaupa hressingu í veðurblíðunni þó að ef til vill væri fullheitt og sólríkt fyrir Íslendinga. Að því loknu var haldið heim á hótél. Þegar þangað kom var hópnum boðinn drykkur og síðan var sest að kvöldverði. Eftir matinn var sest út á verönd og spjallað og sögur sagðar fram eftir kvöldi og var dagurinn í heild mjög góður og viðburðaríkur.

Á laugardeginum var sama blíðan sólskin og hiti 26°C. Lagt var af stað frá hótelinu um tíu leytið og ekið suður með Gardavatni að austan. Stoppað var 45 mínútur í Garda þar sem fólk gekk um á ströndinni og síðan haldið til Veróna, einnar elstu og fegurstu borgar Ítalíu. Verona er borg Shakespeare's og er heimsfræg fyrir sínar sögulegu byggingar, torg og stræti. Verona varð snemma hluti af hinu mikla Rómaveldi og geymir enn margar stórkostlegar minjar frá þeim tíma. Þar skoðuðum við hið þekktu Arena, hringleikahús frá því um 30 f. Kr., þar sem óperusýningar á heimsmælikvarða eru settar á svið undir berum himni á sumrin. Harpa reyndi hljómburðinn og söng Vikivaka eftir Valgeir Guðjónsson og Jóhannes úr Kötlum. Gangan um Veróna var eitt ævintýri. Þar eru götur lagðar marmara og allt mjög hreint og fagað. Þar komum við að húsi Júlíu en borgin Veróna er ekki hvað síst þekkt fyrir verkið Rómeó og Júlía. Á húsínu eru svalirnar

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



sem Júlía stóð á forðum og ætluðu margir að mynda okkar Júlíu þar en svo margar Júlíur biðu eftir að komast þangað upp að hún lagði ekki í að blanda sér í þann hóp. Þegar hér var komið sögu var fólk farið að svengja og var því sest undir skyli við veitingastað til að fá sér að borða. Sólin skein án afláts og hitinn var svakalegur og varð að hafa varann á til að forðast sólbruna. Þegar við höfðum satt hungrið fórum við að Ráðhúsinu þar sem við sófnuðumst saman til að fara í rútuna. Síðan héldum við heim á hótél og vorum komin þangað fyrir kvöldmat.

Sunnudagurinn 8. júní, hvítasunnudagur, var frjálfs dagur í Torbole. Margir fóru til Riva de Garda ýmist gangandi eða siglandi. Einnig var gengið um götur í Torbole og verlanir kannaðar af kostgæfni. Kvöldverður var á hótelinu á venjulegum tíma um kl. 19:30. Þar þjónaði til borðs hinn vinsæli Sasha. Hann reitti af sér brandara, var stimamjúkur við stúlkurnar og veitti nokkrum völdum konum herðadudd „þannig er ástin ó á Ítalíano“. Nokkrir lentu í



hremmingum, varðandi matinn, því að á þessu hóteli áttu gestir að velja sér rétt fyrir kvöldið af matseðili sem lá á morgunverðarborðinu. Sumir höfðu valið sér einhvers konar plockfisk en sá réttur reyndist vera hið mesta óæti. Harpa bað fólk að reyna ekki að þræla þessu gumi í sig og sagði að maður ætti ekki að pína ofan í sig það sem manni þætti vont. Að svo mæltu kallaði hún á þjóninn og lét hann taka diska þessara ógæfusömu gesta og færa þeim í staðinn ljúffenga kálfasteik. Eftir matinn var sest út á verönd og spjallað. Ónefndar konur tóku sér sæti við barinn á hótelinu þar sem Sasha þjónaði. Þar sat okkar leiðsögukona og hvatti sífellt til að gefa Sasha tips sem við það færðist allur í aukana og bar í þær veigarnar af miklum móð. Þarna var gleði og gláumur og hlegið svo að hótelið skalf og sköllin heyrðust vítt um nágrennið.

Mánudaginn 9. júní, kvöddum við okkar ágæta hótél í Torbole og héldum suður á bóginn og var ferðinni heitið til Pisa. Þetta er alllönng leið og því nauðsynlegt að stoppa á nokkrum stöðum. Fyrsti áningarstaður var stór-

markaður í Mori sem er fremur stutt frá Torbole. Þar var boðið upp á vínsmökkun og þar var hægt að kaupa vínföng og fleira. Síðan var hádegisstopp við vegasjoppu þar sem fólk fékk sér hressingu og aftur að við sjoppu sömu erinda síðdegis. Hitinn var ægilegur (lengst af 30-35 °C). Í rútunni tilkynnti Björn að í dag ætti Harpa, leiðsögumaður, afmæli en af hæversku sinni sagði hann að hún væri XX ára. Ekki er talin kurteisi að hafa aldur kvenna í hámmælum en þó tókst að finna leið til að koma að þessu mildum orðum:

*Að engan gruni aldurinn
finnst öllum konum betra.
Frúin er í fjórða sinn
fullra þrettán vetra.*

Á hótél í Pisa komum við um kl. 18. Þar var gístaíðastaðan í sér húsum og veitingarnar í einni byggingunni. Herbergin voru ágæt en umhverfið ekki eins snyrtilegt.

Daginn eftir var haldið frá hótelinu inn í miðborgina og dómkirkjan og hinar fornu byggingar skoðaðar og reyndist það hið mesta ævintýri. Flestir gengu upp í Skakka turninn



*Óskum starfsfólki okkar
og viðskiptavinum
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári*



Frostagötu 4c · 600 Akureyri · Sími 461 5232



*Óskum starfsfólki okkar
og viðskiptavinum
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári*



Fjölhnisgata 3b / 603 Akureyri / Sími: 461-2911 / utras@utras.is

sem er klukkuturn dómkirkjunnar. Turninn er 56,70 metrar þar sem hann er hæstur en hallar um 4 gráður og upp í hann eru 294 þrep. Skakki turninn hefur, ásamt dómkirkjunni, skrúðhúsinu og kirkjugarðinum verið á heimsminjaskrá frá árinu 1987. Á leiðinni til baka, á hótelið, sagði ein konan í hópnun frá því að í mannþrónginni, sem var víða mikil í miðborginni, hefði kona komið upp að sér og haldið fast að henni spjaldi með einhverju sem hún vildi selja. En sölukona þessi hafði annað og meira í hyggju því að sem hún hélt spjaldinu sem fastast að okkar konu stakk hún hendinni undir það og reyndi að komast í veskið hennar. En okkar kona var vör um sig og er sölukonunni hafði tekist að opna spennu á veski hennar fann hún hvers kyns var og brást hart við og barði sölukvendi þetta frá sér og sveiði því kröftuglega.

Á hótelinu var stoppað u.þ.b. klukkutíma og fólk þvoði af sér mesta svitann því nú var hitinn nánast orðinn óbærilegur. Síðan var vínbóndi í Toscana heimsóttur og þar var vel tekið á móti okkur og farið yfir allt ferli víngerðarinnar. Eftir það fengum við tækifæri til að bragða á veigunum og er ekki örgrant um að einhver málbein hafi liðkast við það. Þarna var einnig búð

þar sem framleiðslan var seld sem ýmsir nýttu sér. Úti á palli var lifandi tónlist, góð stemning og einhverjir fengu sér snúning.

Miðvikudaginn 11. júní var ferðinni heitið til borgarinnar Flórens. Aksturinn þangað tók röskan klukkutíma. Í borginni, sem er í 50 m hæð yfir sjó, búa u.þ.b. 470 þúsund manns og er þar aðsetur háskóla og erkibiskups. Hún er oft nefnd „La Bella“ og stendur beggja megin

árinna Arno. Þegar Rómverjar lögðu Ítalíu undir sig, var Flórens vagga menningar í landinu og allt fram á miðaldir. Hún var miðstöð þróunar ítalskrar tungu og bókmennta og þar blómstraði ítölsk list. Hinn ótrúlegi fjöldi listaverka á jafnlitlu svæði hefur gert Flórens að einni fjölsóttustu borg veraldar.

Við gengum um gamla miðbæinn og skoðuðum fornar byggingar, þ.á.m. dómkirkj-



NJÓTIÐ AÐVENTUNNAR Í SKÓGINUM

Jólatré, geinar og skreytiefni úr skóginum
Grenitré, og sígrænar plöntur
Ker á leiði og leiðisgreinar



Sendum viðskiptavinum vorum
svo og landsmönnum öllum
hugheilar jóla-
og áramótakveðjur





una sem er feikna stór og hefur að geyma mörg listaverk. Gólfíð er allt lagt marmara og eru ýmis líkneski vítt og breitt um kirkjuna. Síðdegis var safnast saman á torginu framan við dómkirkjuna og gengið að járnbrautarstöðinni þar sem rútan beið.

Næsta dag var lagt af stað að morgni og ekið um sveitavegi til Siena sem er um 53 þúsund manna bær. Siena stendur á nokkrum hæðum sem mynda syðsta hluta Ghiantfjalla milli ána Arbia, Merst og Elsa. Þá var enn ein dómkirkjan skoðuð en hún var reist milli 1220 og 1370. Síðan var gengið nokkuð um götur gamla miðbæjarins og veittist mörgum gangan erfið í 35 stiga hita. Margt var þar merkilegt að sjá og mann undrar hve miklu hefur verið til kostað í skreytingum og listaverkum. Þegar halda átti heim á hótelið í Pisa var ákveðið að aka um hraðbraut. Ekki gekk snurðulaust að komast inn á þá braut og tók Sveinn eina tvo hringi á sama hringtorginu og ók loks út af því

sömu leið og hann hafði ekið inná það. Þá varð þessi limra til:

*Hann er frábær og flinkur að aka
og fimur við beygjur að taka
svo ekur hann hring
og aftur í kring
á endanum fer hann til baka.*

Á hótelið komum við um 18:30 og var því rétt tími til að fara í sturtu og þvo af sér mesta svitann fyrir kvöldverðinn.

Föstudaginn 13. júní var hótelið í Pisa yfirgefið og ekið til Milanó. Farið var með ströndinni fyrst í stað og gerður stuttur stans í Marina de Massa sem er lítill bær þar á ströndinni. Þeir sem vildu gátu gengið um sandinn og dýft tånun í hafið. Erla hitti Svein bílstjóra þar fyrir utan verslun og sagði honum að hún ætlaði að athuga hvort hún gæti fengið þar kjólgopa. Eitthvað vafðist fyrir Sveini hvað um væri að ræða og furðaði hann sig mjög á

að Erla ætlaði að kaupa hjólkoppa. Eftir frekari skýringar kom í ljós að hann skyldi ekki merkingu orðsins „kjólgopi“ og taldi það ekki þekkjast í máli Austfirðinga. Þessi uppákoma varð Erlu að yrkisefni.

*Svenni á kjólgopann starði
skildi ekki um hvað var rætt
Hló við og svaraði að bragði
ég er af austfirskri ætt.*

Aftur var farið af stað og inn á hraðbraut til Parma. Eftir gott hádegisstopp í vegasjoppu var ekið áfram eftir hraðbrautinni til Milanó. Þegar u.þ.b. 30 km voru eftir til borgarinnar var hraðbrautin yfirgefin og haldið til bæjar sem heitir Lodi en þar er hótelið sem við áttum að gista á næstu 3 nætur. Eftir þó nokkra snúninga fannst það og var þar með strangri dagleið lokið. Hótelið er snyrtilegt og öllu þar vel fyrirkomið en það reyndist þó ekki halda vatni í úrhellisrigningu eftir að þrumur og eldingar höfðu geislað eitt kvöldið.

Á laugardagsmorgninum þótti morgunverðarborðið fremur fátæklegt á þessum nýja stað og var þar lítið um brauð, ekkert álegg og annað eftir því. Björn bar fram kvörtun og var bætt úr því morguninn eftir.

Nú var haldið til Milanó með rúttunni. Þegar þangað kom var hún skilin eftir á staði og neðanjarðarlest tekin inn í gamla miðbæinn. Fyrst var dómkirkjan, sem kennd er við Ambrósíus, skoðuð. Margt fleira var þar merkilegt að sjá s.s. ótrúlega skrautlegar byggingar sem umkringja torg lagt marglitum marmara og byggt hefur verið yfir svo helst minnir á hvelvingu. Þá voru kaffihúsin könnuð og lítið inn í verslanir.

Síðdegis var haldið til baka með sama hætti og komið var. Þegar Sveinn opnaði rúttuna reyndist hitinn inni í henni vel yfir 40°C og varð það til þess að Björn gaf fólki hálf tíma til að skoða markað í grendinni á meðan Sveinn kældi rúttuna niður. Loks var ekið heim á hótelið. Þjónarnir þar reyndust ótrúlega röskir og skeiðuðu um salinn á geigvænlegum hraða með fjölda diska í hverri ferð. Yfirþjónninn, sem einhverjir gárungar í hópnum nefndu Sleipni, lá þó sínu best á skeiðinu og gekk á skóm sem heyrðist í eins og þegar gæðingi á skafaljárnun er hleypt á svelli. Meðan setið var að kvöldverði ræddi Björn um heimferðina sem nú var í uppnámi vegna boðaðs verkfalls flugvirkja hjá Icelandair 16. júní en þann dag áttum við pantað flug frá Milanó til Keflavíkur. Björn sagði að til greina kæmi að við flygjum með SAS vél til Kaupmannahafnar að kvöldi 16. og síðan heim síðdegis þann 17. en óráðið hvar yrði gíst.

Sunnudagurinn 15. júní var frjáls dagur sem var nýttur til að fara á stórmarkað nærri Parma. Þar var skoðað og verslað fram eftir degi og roguðust sumir með allstóra pinkla að verslunarferð lokinni. Björn tilkynnti að flogið yrði kl 20 kvöldið eftir (16. júní) með SAS flugvél til Kaupmannahafnar og síðan gíst í Malmö. Erla sá strax kostina við töfina og orðaði það svona:

*Flugvirkjarnir verkfall boða
það verður töf á ferð hjá oss.
En fái ég fleiri staði að skoða
þá sendi ég þeim fingurkoss.*

Mánudagur 16. júní. Við yfirgáfum hótelið í Lodi og héldum til Como sem er bær við samnefnt vatn. Comovatn er umkringtt háum fjöllum með fögrum gróðri. Farið var í siglingu á vatninu og fólk gat virt fyrir sér flottar byggingar umhverfis það og upp eftir hlíðum fjallanna í kring. Sagt er að þarna dvelji fræga fólkíð gjarna í fríum og leikarinn George Cloo-



ney eigi þar hús. Eftir siglinguna fór fólk á veitingastaði og skoðaði síðan bæinn. Þar má sjá margar flottar byggingar og dýrar verslanir. Umhverfið þarna er mjög fagurt, veðrið var gott og dagurinn leið sem í ljúfum draumi. Klukkan var allt í einu orðin 16:00 og tími kominn til að fara á flugvöllinn. Þangað komum við um einni og hálfri klukkustund síðar. Innritunin í flugið gekk greiðlega og vélin fór í loftið kl 20:00. Flugferðin var hin þægilegasta og lentum við á Kastrup rétt fyrir kl. 22. Þar beið okkar rútbílstjóri, Brynjar Þór að nafni, og reyndist vera frá Norðfirði. Hann ók okkur til Malmö og vorum við komin þar inn á hótél um miðnætti. Þar áttum við ágæta nótt í finum herbergjum og nú var hitinn loksins við okkar hæfi.

Þriðjudagur 17. júní, þjóðhátíðardagur Íslendinga og jafnframt síðasti dagur ferðarinn-

ar. Eftir góðan morgunverð gafst tími til að röltla um bæinn en kl. 11 kom svo rúta að sækja okkur. Bílstjórinn á þeirri rútu var einnig Íslendingur Guðmundur að nafni. Hann var kunnugur í Malmö og fór með okkur í smáút-sýnisferð um borgina og þeir Björn fræddu okkur um það sem fyrir augu bar. Síðan var ekið yfir sundið til Kastrup flugvallar en þangað komum við kl. 12 og flugum til Keflavíkur kl. 14:30. Í Keflavík rigndi ótæpilega þegar við lentum þar um kl. 16. Þar beið okkar rúta frá SBA-Norðurleið sem flutti okkur til Akureyrar en þangað var komið rétt um miðnætti. Þessari ánægjulegu og eftirminnilegu ferð var lokið og allir komust heilir heim.

Við viljum þakka Bjössu, Hörpu, Svenna og Margréti fyrir þeirra góða framlag og öllum ferðafélögnum þökkum við fyrir samveruna.

Borghildur og Þórður



Gleðileg
jól
og happaríkt
nýtt ár

Þökkum viðskiptin


ÁSPRENT


STÍLL


STELL

ÁSPRENT · Glerárgötu 28 · 600 Akureyri · Sími 4 600 700 · asprent@asprent.is · www.asprent.is
 STELL · Kaupangi v/Mýrarveg · 600 Akureyri · Sími 4 600 760 · stell@stell.is · www.stell.is
 STÍLL · Óseyri 2 · 603 Akureyri · Sími 4 600 770 · still@still.is · www.still.is

VIRK starfsendurhæfingarsjóður

Hlutverk VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna langvarandi veikinda. Áhersla er lögð á að koma snemma að málum og viðhalda vinnusambandi einstaklinga með virkni og öðrum úrræðum. Þeir einstaklingar sem eiga rétt á þjónustu eru allir þeir sem sækja um dagpeningagreiðslur úr sjúkrasjóði og einnig þeir sem einhverra hluta vegna geta ekki sinnt störfum sínum vegna heilsuþrestra. Þjónustan er notendum að kostnaðarlausu og fyllsta trúnaðar er gætt í hvívetna.

Fjórir ráðgjafar eru starfandi fyrir sjúkrasjóði stéttarfélaganna í Eyjafirði. Dalrós J. Halldórsdóttir, dalros@ein.is, Elsa Sigmundsdóttir, elsa@ein.is, sem jafnframt er verkefnastjóri svæðisins, Hildur Petra Friðriksdóttir, hildurpetra@ein.is, og Nicole Kristjánsson, nicki@ein.is. Þær eru starfmenn Einingar-löju, en starfa fyrir öll stéttarfélög á svæðinu, og hafa aðsetur á skrifstofu félagsins á 2. hæð í Alþýðuhúsinu á Akureyri. Hægt er að ná í ráðgjafana í síma 460 3600. Eining-löja fær endurgreitt frá VIRK allan kostnað vegna þessara starfsmanna, þar á meðal vegna launa og húsnæðis.



Hildur



Dalrós



Nicole



Elsa

Ráðgjafarnir eru með fasta viðveru á skrifstofu Einingar-löju í Fjallabyggð á miðvikudögum og á skrifstofu félagsins á Dalvík á þriðjudögum.

Nánari upplýsingar um VIRK má fá á heimasíðu Virk Starfsendurhæfingarsjóðs, www.virk.is.



30 umsóknir um starf ráðgjafa

Í byrjun nóvember auglýsti félagið að laust væri til umsóknar starf ráðgjafa á sviði starfsendurhæfingar og bærust 30 umsóknir. Dalrós sagði nýlega upp þar sem hún er að hefja störf hjá Skóladeild Akureyrarbæjar. Hún mun starfa áfram hjá félaginu þar til nýr ráðgjafi getur hafið störf. Félagið óskar henni velfarnaðar í nýju starfi.

Capacent sá um ráðningarferlið og bauð ellefu umsækjendum í viðtöl, fimm þeirra voru fengin til að koma í framhaldsviðtal. Að lokum var ákveðið að ráða Svönu Rún Símonardóttur í starfið og mun hún hefja störf 1. janúar nk. Svana er menntaður félagsráðgjafi og hefur síðust þrjú ár unnið við barnavernd í Noregi. Hún er gift Hreiðari Levý Guðmundssyni handboltamanni og eiga þau tvo syni.



Svana Rún.

Hörðustu pakkarnir fást hjá Advania

Far- og spjaldtölva
Dell Inspiron 7347
Verð: 179.990 kr.



Fartölvutaska
Bogart 13V
Verð: 8.990 kr.

Fartölvuumslag
PC Skin Brown - þrjár stærðir
Verð frá: 1.490 kr.

Heyrnartól - þrír litir
Jabra Revo Stereo
Verð: 29.990 kr.

Verið velkomin í nýja verslun okkar
Tryggvabraut 10 Akureyri



Botnaðu nú!

Í fyrra ákvað ritnefnd blaðsins að vera með leik sem kallast „Botnaðu nú!“ Birtir voru nokkrir fyrripartar sem átti að botna og þar sem viðtökur voru góðar og fjölmargir sendu inn tillögur var ákveðið að bjóða aftur upp á þennan leik í blaðinu. Höfundur fyrripartanna er sú sama og í fyrra, Anna Dóra Gunnarsdóttir en hún situr einmitt í ritnefnd félagsins. Verðlaun verða veitt fyrir besta botninn við hvern fyrripart að mati dómnefndar. Dómnefndina skipa Anna Dóra Gunnarsdóttir, Davíð Hjálmar Haraldsson og Stefán Vilhjálmsson.

Í verðlaun verða þrjár helgarleigur á Illugastöðum að vetri til í orlofshúsi í eigu félagsins, ein fyrir hvern fyrripart. Að auki verða veitt ein heildarverðlaun fyrir botna við alla fjóra fyrripartana, vikudvöl í orlofshúsi Eininga-löju að eigin vali sumarið 2015.

Félagið hvetur lesendur til að spreyta sig á að botna eftirfarandi fyrriparta og senda inn til félagsins. **Athugið!** Það þarf að merkja vísurnar með dulnefni, en nafn og símanúmer þurfa að fylgja með í lokuðu umslagi, sem einnig er merkt með sama dulnefni og vísurnar.

Skilafrestur er til kl. 16 miðvikudaginn 7. janúar 2015.

Vinningshöfum verða tilkynnt úrslit fyrir lok janúar.

Fyrripartur nr. 1

Fjárhagur landsmanna hefur lítið vænkast þrátt fyrir meinta uppsveiflu, nema ef vera skyldi nokkurra aurakóna sem tyllt hafa rumpum sínum á auð þjóðarinnar og þykjast eiga hann einir. Fyrir okkur hin má e.t.v. velta því fyrir sér hvort ekki sé mögulegt að fleyta sér áfram fjárhagslega á því sem hendi er næst:

**Sjáðu þennan sterka staur,
stend ég upp við hann á kvöldin.**

En þá er kannski spurning hvort aldur og úthald séu vænleg til þeirrar iðju sem ýjað er að.

Fyrripartur nr. 2

Sumir eru líka bjartsýnni en svo að þeir grípi til örþrifaráða:

**Ber fyrir augu bjartari hlið
á bágri stöðu minni;**

Fyrripartur nr. 3

En móðir Jörð lætur sig litlu varða hvort mannskepnan á til hnífs og skeiðar og ælir hrauni yfir ár og læki, því til áréttingar.

**Fljótt skipast veður í lofti ljúfu,
lækir og ár verða undan að hopa.**

Utanáskriftin er:

Eining-löja
- Botnaðu nú
Skipagötu 14
600 Akureyri

Það er ódýrara
að nudda sig heima



Gæða vörur sem hafa verið kosin þau bestu á markaðnum.

Theracane, posture-pro, Footeez, frauðrúllur, vasasjúkraþjálfinn og boltar.



Efling sjúkraþjálfun · Hafnarstræti 97 · www.eflingehf.is · efling@eflingehf.is

capacent



*Bestu óskir
um gleðileg jól
og farsælt komandi ár*



Njarðarnes 9 - 603 Akureyri
Sími 412-0400 - Fax 412-0401



*Óskum starfsfólki okkar
og viðskiptavinum
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári*





Trúnaðarmannanámskeið

Nýlega voru haldin tvö trúnaðarmannanámskeið í sal félagsins á Akureyri, þrep 1 og þrep 2.

Á þrepi 1, sem stóð yfir í tvo daga, var Sigurlaug Gröndal, frá Félagsmálaskóla alþýðu, leiðbeinandi og fór yfir efni sem kallast Þjóðfélagið og vinnumarkaðurinn, trúnaðarmaðurinn - starf hans og staða og samskipti á vinnustað. Þarna var verið að skoða samfélagið út frá ýmsum sjónarhornum, t.d. hvernig lýðræðislegar ákvarðanir eru teknar og hver lýðræðislegur réttur okkar er í samfélaginu. Farið var yfir hvernig vinnumarkaðurinn er uppbyggður svo og verkalýðshreyfingin. Farið var í starf trúnaðarmannsins út frá lögum og kjarasamningum og einnig hvernig trúnaðarmaður á að starfa. Verkefni eru lögð fyrir nemendur því tengdu. Á þessu námskeiði fá nemendur að kynnst mismunandi samskiptahefðum og samskiptamynstrum. Einnig er skoðað er hvernig sjálfstraust hefur áhrif á samskipti okkar.

Á þrepi 2, sem stóð yfir í tvo daga, notaði Guðmundur Hilmarsson, frá Félagsmálaskóla alþýðu, fyrri daginn til að fara yfir lestur launaseðla og launaútreikninga. Þarna læra nemendurnir að þekkja uppbyggingu launaseðla og mikilvægi þess að geyma launaseðla. Þau læra að þekkja útreikninga á einingaverði og yfirvinnutíma, stórhátíðarkaups og vaktaálags, einnig læra þau að þekkja uppbyggingu skattþrepa og útreikning frádráttarliða. Þau þurfa m.a. að leysa verkefni sem felst í því að reikna út launaseðil frá grunni. Starfsmenn stéttarfélaganna sjá um kennslu seinni daginn en þá fá nemendur kynningu á starfsemi síns félags, réttindum félagsmanna og um sjóði félaganna. Einnig var farið í túlkun kjarasamninga og gildi þeirra.



Viskynámskeið með Snorra Guð

20. nóvember sl. bauð félagið, í samstarfi við SÍMEY, félagsmönnum upp á námskeið þar sem Snorri Guðvarðsson fór yfir viskísöguna, upphaf viskíframleiðslu og þróun til dagsins í dag. Lönd og svæði með áherslu á Skotland og smökkun mismunandi tegunda.

Námskeið vegna afkastahvetjandi launakerfa í fiskvinnslum

Í nóvember stóðu Starfsgreinasamband Íslands og Samtök Fiskvinnslustöðva (SF) fyrir fræðslufundi um afkastahvetjandi launakerfi í fiskvinnslum á Akureyri, nánar tiltekið í sal Einingar-löju. Fundinn sóttu um tíu starfsmenn aðildarféaga SGS á norðurlandi og trúnaðarmenn sem starfa í fiskvinnslum á Akureyri, Dalvík, Grenivík og víðar. Áður höfðu sambærilegir fundir verið haldnir bæði í Vestmannaeyjum og í Reykjavík.

Á fundinum fór Bragi Bergsveinsson, fyrirverandi tæknifræðingur SF til fjölda ára, yfir sögu launakerfanna, uppbyggingu á staðaltíma auk þess að fara ytarlega yfir þau launakerfi sem notuð eru í fiskvinnslum landsins. Fundurinn þótti takast afar vel, enda voru þátttakendur mjög áhugasamir um efnið og tóku virkan þátt í þeim umræðum sem sköpuðust.





Góður fræðsludagur félagsliða

Félagsliðar í aðildarfélögum Starfsgreinasambandsins hittust á Akureyri mánudaginn 10. nóvember sl. til að ræða sameiginleg hagsmunamál og njóta fræðslu. Fræðsludaginn, sem fram fór í sal Einingar-löju, sátu félagsliðar af öllu landinu auk þess sem fjárfundarbúnaður var nýttur fyrir félagsliða á Höfn í Hornafirði. Mikil ánægja var með daginn og skýr skilaboð komu frá félagsliðum til stéttarfélaganna um áherslumál næstu árin. Eitt stærsta baráttumál-ið er að fá félagsliðastarfið metið sem löggilta heilbrigðisstétt og hefur verið unnið mikið í því síðustu árin og heldur sú baráttu áfram. Auk kjaramála var fjallað um framhaldsnám félagsliða, hvernig þeir nýtast í störfum við umönnun og að lokum var fjallað um áhrif streitu og vaktavinnu á líðan og heilsu.

Eftir daginn má fundargestum vera ljóst að aukin þörf verður á störfum félagsliða í framtíðinni enda eru þeir sérstaklega menntað-ir í umönnun út frá andlegri líðan og félagslegri virkni. Undir lok dagsins kom fram eindregin ósk um áframhaldandi samstarf félagsliða af öllu landinu enda er ljóst að hér er öflugt fólk í vax-andi stétt.

IPAD námskeið fyrir byrjendur

Í lok nóvember hélt félagið, í samstarfi við SÍMEY, tveggja daga IPAD námskeið fyrir byrjendur félagsmönnum að kostnaðarlausu. Námskeiðið var einstaklingsmiðað og mættu þátttakendur með sínar eigin spjaldtölvur. Farið var m.a. yfir stillingar, læsingar, hvernig smáforrit virka, tenging við tölvupóst, tónlist, bækur o.fl.



Kertamálun

Í lok nóvember hélt félagið námskeið í kertamálun þar sem Linda Óladóttir kenndi félagsmönnum hvernig eigi að mála á kerti með "One stroke" aðferð. Á námskeiðinu var kennt að mála greni, ber og jólakúlu á kerti.



Hekluð snjó Korn

Í nóvember var félagsmönnum boðið upp á námskeið í hvernig eigi að hekla snjó Korn. Svo góð aðsókn var á námskeiðið að bæta þurfti við öðru námskeiði á Akureyri. Jafnframt var ákveðið að bjóða upp á slíkt námskeið í Fjallabyggð. Á námskeiðinu kenndi Linda Óladóttir félagsmönnum, þeim að kostnaðarlausu, hvernig eigi að hekla eftir teiknaðri uppskrift, ganga frá og stífa snjó Korn.



Fjölsmiðjan er til húsa á neðri hæðinni í Furuvöllum 13 Akureyri.

Fleiri ungmenni í vinnu

Rannsóknir og reynslan hafa sýnt að snemmbært inngríp skiptir sköpum þegar ungmenni missa sína föstu punkta í tilverunni, hvort sem það er nám eða vinna. Það er því mikilvægt að taka á málum strax í upphafi, áður en vandinn nær að stigmagnast og verða erfiðari viðureignar með tilheyrandi samfélagslegum kostnaði og skertum lífsgæðum einstaklinga og fjölskyldna sem eiga hluta að máli.

Af því tilefni var Fjölsmiðjan á Akureyri sett á laggirnar 2007 sem þriggja ára tilraunaverkefni. Stofnaðilar voru Rauði krossinn, Akureyrarbær, Vinnumálastofnun, Eininglöjla og Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri. Menntamálaráðuneytið kemur einnig að rekstrinum með föstum framlögum. Hún var hugsuð sem atvinnuúrræði fyrir ungmenni á aldrinum 16 til 24 ára sem höfðu dottið úr skóla og ekki náð fötfestu á vinnumarkaði.

Undir sama hatt

Margir aðilar, ásamt Fjölsmiðjunni, koma að virkni ungmenna sem eru atvinnulausir og á skrá hjá Vinnumálastofnun eða félagsþjónustunni sem og ungmennum sem hafa flosnað upp úr skóla. Flestir hagsmunaaðilar eru sammála um að nauðsynlegt sé að koma starfsemi undir einn hatt til að koma í veg fyrir að ungmennin veltist milli kerfa og rými sé til að aðstoða þau heildstætt þegar kemur að náms- og starfstengdum úrræðum og félagslegum vanda. Þar sem starfsemi Fjölsmiðjunnar hefur sannað sig í gegnum árin þótti upplagt að efla það úrræði frekar þannig að flest þessi ungmenni fari þangað í virkni.

Á næstu misserum mun sú stefnubreyting eiga sér stað að öll ungmenni á aldrinum 18 til 24 ára sem koma á skrá hjá Vinnumálastofnun munu fljótlega eftir skráningu mæta í Fjölsmiðjuna sem virkniúrræði.

Að undanförmu hafa verið um 20 ungmenni að meðaltali í Fjölsmiðjunni í einu. Við eflingu Fjölsmiðjunnar má búast við miklum fjölda ungmenna en þau verða aldrei öll að störfum í einu þar sem einstaklingar fara í vinnustaðanám, eru í námi o.s.frv. Ungmennunum gefst þannig tækifæri til að þjálfa sig fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám. Er ætlunin að Fjölsmiðjan bjóði þannig upp á meiri fjölbreytni í vinnu og námi, sem auðveldar einstaklingum að taka ákvörðun um framtíð sína. Markmiðið er að ungmennin verði þannig sterkari félagslega og námslega, og hæfari sem starfsfólk á almennum vinnumarkaði. Þetta markmið næst með því að gera Fjölsmiðjuna að ákveðnum miðjupunkti fyrir þessi ungmenni, auk þess að henni er ætlað að vera í góðum og sterkum tengslum við vinnumarkaðinn og þekkja vel til félagslegra og námstengdra úrræða sem eru til staðar fyrir þennan hóp.

Big Bang

Vinnumálastofnun tók þátt í Evrópuverkefni 2012-2014 sem nefnist Big Bang. Þar eru ungmenni og atvinnurekendur leidd saman á markvissan hátt. Báðir hópar sækja námskeið og í lokin eru ungmennin þörfuð við fyrirtækin eftir því hvar áhugasvið þeirra liggur. Þannig gerast atvinnurekendur „starfsfóstrar“ með þessum hætti. Stefnt er að því að nýta þessa hugmyndafræði áfram og bjóða



Virkni hjá Fjölsmiðjunni

fyrirtækjum upp á námskeið í samstarfi við Fjölsmiðjuna og Verkmenntaskólann sem miðar að því að styrkja vinnuveitendur/starfsfóstra í að taka á móti ungmennum, sérstaklega þeim sem eru í jaðarhópi.

Eins og áður var nefnt felst hagræðing í því að hafa virkni, þjálfun og námstengingu ungmenna og þjálfun starfsfóstra undir einum hatti. Þannig liggja fyrir upplýsingar um starfsreynslu, menntun og styrkleika þessara ungmenna og tengsl við fyrirtæki á einum stað og það auðveldar utanumhald þeirra aðila sem standa að framfærslugreiðslum meðan ungmennin eru að finna sína fjöl. Ágóðinn er þó mestur hvað ungmennin sjálf varðar, þar sem þau veltast ekki milli kerfa heldur hafa fastan punkt í gegnum Fjölsmiðjuna meðan þau eru á krossgötum í lífi sínu.

Árangursrík inngrip í líf ungmenna á þessum tíma skilar gríðarlegum verðmætum sem felst í virkni í samfélaginu og betri framtíðarmöguleikum þessara einstaklinga. Óvirkni er nefnilega samfélaginu dýr bæði í nútímanum í formi framfærslu eða atvinnuleysisbóta. Með þessum hugmyndum um eflingu Fjölsmiðjunnar fara ungmennin strax í virkni og gefst ekki kostur á aðgerðaleyfi. Ef unnið er markvisst með þjálfun ungmenna og starfsfóstra aukast líkur á góðri samvinnu, tími sparast og þegar horft er til lengri tíma verður kostnaður bæjarins minni þar sem ungmennin verða virkari einstaklingar í samfélaginu. Ungmennin fá einstaklingsmiðuð viðtöl og aðstoð, auk fræðslu og tækifæra til að sanna sig, fá reynslu og meðmæli.

Tölur síðustu ára sýna að um 70% þeirra ungmenna sem unnið hafa í Fjölsmiðjunni hafa útskrifast þaðan til

vinnu, í skóla eða í önnur uppbyggileg úrræði. Auðvelt er að grípa inn í og aðstoða ungmennin þegar utanumhaldið er gott - því má vænta þess að fjöldi þeirra sem útskrifast aukist. Að öll ungmenni í þessum aldurshópi með ólíkan bakgrunn séu á sama stað styrkir starf Fjölsmiðjunnar þar sem sterkari einstaklingar eru hinum veikari fyrirmynd. Vinnuálastofnun, félagsþjónusta, grunn- og framhaldsskólar, foreldrar og aðstandendur ungmenna á aldrinum 16 til 24 ára geta komið í Fjölsmiðjuna og óskað eftir aðstoð og virkni.

Atvinnuráðgjafi

Við eflingu Fjölsmiðjunnar tekur til starfa atvinnuráðgjafi sem verður í samstarfi við fyrirtæki bæjarins og leitar eftir vinnustaðanámi og/eða ráðningu fyrir ungmennin. Einnig er honum ætlað að hafa góða yfirsýn yfir nám og námstengda aðstoð auk þess að vera leiðbeinandi um ýmsa félagslega og sálræna þætti. Hagræðið af þessu er fagleg og heildræn þekking á einum stað óháð kerfi, virk tengsl við atvinnulífið ásamt því að minnka áreiti á fyrirtækin eftir starfstengdum úrræðum.

Mikilvægt er að samfélagið taki virkan þátt og geta bæjarbúar og fyrirtæki komið með ábendingar um verkefni auk þess sem hægt er að styrkja Fjölsmiðjuna með fjárframlagi eða með því að nýta sér þá þjónustu sem þar er í boði s.s. bílaþvottinn, mótuneytið í hádeginu, gefa og/eða kaupa hluti í versluninni.

*Amar Þór Jóhannesson og Álfheiður Svana
Kristjánsdóttir verkefnastjórar
hjá Fjölsmiðjunni á Akureyri.*

Hér er jólakúla - um jólakúlu

Okkur á Punktinum Handverksmiðstöð er sönn ánægja að sjá um jólaföndrið í jólablaði Einingarlöju þetta árið. Þar sem við gerum mikið af því að endurnýta gamalt og afgangsefni ákváðum við að sjá hvað við gætum gert úr því sem við hefðum hér á staðnum.

Það vildi svo skemmtilega til að okkur var fært fullt af jólakúlum og því var svo upplagt að hafa það þemað okkar. Því ekki að taka gömlu kúluna og breyta henni í fallett og persónulegt jólasbraut?

Útfærslurnar sem við sýnum hér eru margvíslegar og við flestra hæfi. Kúlurnar eru ekki dýrar í framkvæmd og við eigum það mikið af föndurefni að ímyndunaraflað eitt ræður niðurstöðunni. Að sjálfsgöðu erum við boðin og búin að aðstoða fólk ef það vill koma og föndra jólakúlur með okkur á Punktinum.

Glæru kúlurnar unnar af Eygló:

Rómantískar svarthvítar myndir og leturgerðir fengnar af netinu og prentaðar út. Pappírinn hafður tvöfaldur og festur saman með satínborða. Skemmtilegt að gera adventukrans úr kúlunum með því að prenta miða með tölunum 1-4 og rúlla upp og setja inn í glærar kúlurnar. Hægt að punta með svörtum og hvítum satínborðum að vild. Einnig hægt að klippa sundur keðjur eða annað glingur inn í glærar kúlur og skreyta með borðum.

Jólakúla unnin af Eygló. Hægt er að klippa sundur keðjur eða annað glingur inn í glærar kúlur og skreyta með borðum.



Stór jólakúla unnin af Katrínu Ernu:

Litlar jólakúlur af mismunandi stærðum og gerðum límðar á stóra jólakúlu með límbyssu. Hægt að hengja upp með borða eða nota sem borðskraut.



Stór jólakúla unnin af Katrínu Ernu: Litlar jólakúlur af mismunandi stærðum og gerðum límðar á stóra jólakúlu með límbyssu. Hægt að hengja upp með borða eða nota sem borðskraut.

Mósaík-kúlur unnar af Höllu:

Hefðbundnar jólakúlur notaðar í grunninn. Blómamunstur úr postulínsbollum og afgangsgler límt með sílikoni og svo fúgað.



Mósaík kúlur unnar af Höllu: Hefðbundnar jólakúlur notaðar í grunninn. Blómamunstur úr postulínsbollum og afgangsgler límt með sílikoni og svo fúgað.

Gamaldags pappírsklæddar jólakúlur unnar af Helgu Lind:

Jólalegar gamaldags myndir af netinu eru prentaðar út í hæfilegri stærð og límðar með Modpodge límlakki á kúluna. Síðan er lakkað yfir alla kúluna aftur með Modpodge. Fallegt er að binda blúndu efst á kúluna til að fá gamaldags útlit.



Gamaldags pappírsklæddar jólakúlur unnar af Helgu Lind: Jólalegar gamaldags myndir af netinu eru prentaðar út í hæfilegri stærð og límðar með Modpodge límlakki á kúluna. Síðan er lakkað yfir alla kúluna aftur með Modpodge. Fallegt er að binda blúndu efst á kúluna til að fá gamaldags útlit.



Rómantísk jólakúla með íkonamynd unnin af Eygló. Rómantískar svarthvítar myndir og leturgerðir er hægt að fá af netinu og prenta þær út.

Jólatré unnið af Eygló og Sigtryggi:

Jólatré smíðað úr krossviði á smíðastofu Punktisins og sprejjað gyllt. Hægt að setja hvað sem er sem fyllingu í tréð en hér notum við bandhnykla með glitþræði.



Jólatré unnið af Eygló og Sigtryggi: Jólatré smíðað úr krossviði á smíðastofu Punktisins og sprejjað gyllt. Hægt að setja hvað sem er sem fyllingu í tréið en hér notum við bandhnykla með glitþræði.



Skemmtilegt er að gera adventukrans úr kúlunum með því að prenta miða með tölunum 1-4 og rúlla upp og setja inn í glærar kúlum. Hægt að punta með svörtum og hvítum satínborðum að vild.

Við viljum bjóða ykkur velkomin á Punktinn sem er frábær handverksmiðstöð fyrir alla! Hlökkum til að sjá ykkur.

Eygló, Halla, Helga Lind, Katrín Erna og Sigtryggur.

Launi.is – hvað er nú það?

Nýlega var kynnt til leiks vefappið Launi. Launi varð til í áfanga sem heitir Viðskiptafræði en þar læra nemendur að stofna fyrirtæki, búa til vöru og koma henni á markað. Í haust komu fulltrúar hópsins til Einingar-löju og FVSA og fengu upplýsingar, t.d. í sambandi við kauptaxta. Tíðindamaður blaðsins settist niður með tveimur úr hópnunum, þeim Sigrúnu Finnu M. Snædal og Hafsteini Svanssyni, til að fræðast nánar um tilurð Launa.

„Alveg frá því ég byrjaði að vinna hefur þabbi talað um að ég þyrfti að skrifa niður alla þá tíma sem ég er að vinna. Það hefur ekki gengið svo vel. Ég er dugleg í byrjun en svo gleymist þetta, blaðið sem þú skrifar á týnist eða eitthvað svoleiðis. Í sumar skrifaði ég tímuna alltaf inn í símann minn en svo eyddist það þegar stýrikerfi símans uppfærði sig. Þannig að þá gat ég ekki vitað hvort ég væri að fá rétt útborgað,“ sagði Sigrún Finna. Eftir það spurði hún vinkonur sínar hvernig þær færu að þessu. Hún leitaði einnig á netinu og komst að því að til eru forrit á ensku sem hægt er að nota til að skrá inn tímuna sína og fá upplýsingar varðandi laun, en eftir mánuðinn þarf að borga fyrir notkun þess. „Þeir eru heldur ekki með sömu taxta og við og passar því ekki fyrir okkur,“ bætti Sigrún Finna við.

„Við ákváðum að búa þetta til alveg frá grunni,“ sagði Hafsteinn og viðurkenndi að verkefnið hefði verið mjög flókið. Þau sögðust ekkert kunna í forritun þannig að vinur Hafsteins, sem einnig er í VMA, var fenginn til að hjálpa þrátt fyrir að hann væri ekki í þessum

áfanga. „Hann er búinn að vera að forrita og er eiginlega búinn að vera með okkur frá byrjun,“ sagði Hafsteinn. „Hann hefur hjálpað okkur heilan helling,“ bætti Sigrún Finna við.

„Kennaranum leist vel á hugmyndina en sagði að þetta væri mikið verk sem vinna þyrfti á stuttum tíma, en þetta er alveg að hafast,“ segja þau og bæta við að auðvitað hafi verkefnið gengið upp og niður og aðspurð viðurkenndu þau að verkefni sem þetta kosti töluvert. Í áfanganum eiga þau að stofna fyrirtæki og nefndu þau sitt fyrirtæki Mogo. „Sá sem hannaði logo Launa og logo fyrirtækisins er á listnámsbraut skólans og heitir Bjarki Rúnar Sigurðsson. Við fengum styrki frá nokkrum fyrirtækjum en inni á Launi.is verður hægt að sjá hverjir styrktu okkur. Við seldum einnig hlutabréf í fyrirtækinu innan skólans og hjá fjölskyldumeðlimum.“

Hafsteinn sagði að þau væru ekki að einbeita sér að fá styrki núna þó auðvitað væri frábært að fá aðeins meira. „Aðaláherslan núna er að reyna að klára alla lausa enda sem þurfa að klárast, en vefsíðan er alveg að verða tilbúin.“ Rétt áður en blaðið fór í prentun var hægt að skrá sig inn í gegnum síðuna launi.is og hvetur félagið alla til að kíkja á Launa.

Sigrún Finna og Hafsteinn útskýrðu og fóru yfir hvernig Launi virkar. Þegar að er gáð virðist Launi vera einföld og þægileg leið til að halda utan um vinnutíma og reikna mánaðarlaun. Með því að ýta á einn takka skráir viðkomandi sig inn þegar hann mætir til vinnu og út þegar hann hættir. Einnig er hægt að skrá inn eldri tíma handvirk. Svo þarf að setja inn upplýsingar um taxta og slíkt, fara í reiknivélina í app-



Sigrún og Hafsteinn.

inu og þá sérðu hvaða laun þú ættir að fá. „Við setjum líka inn svör við algengum spurningum en bendum á að ef mikill munur er á tölunni á Launi.is og á launseðlinum þá eigi viðkomandi að fara beint í sitt stéttarfélag, og fá hjálp og frekari upplýsingar frá þeim. Það er grundvallaratriðið. Núna er þetta bara fyrir félagsmenn í Einingu-löju og FVSA. Upphafs markhópurinn er lítil til að byrja með, þ.e. okkar aldur sem nær frá 14 til rúmlega 20 ára. En auðvitað geta fleiri notið góðs af þó ekki sé notað meira en stimpilkluukkan. Markmiðið er að Launi.is verði frítt og var unnið út frá þeirri grunnhugmynd. Litlar auglýsingar innan síðunnar gera okkur vonandi kleyft að halda þessu gangandi.“

Þau hvetja alla til að kíkja á síðuna Launi.is, sem þegar er komin í loftið, en þar er t.d. hægt að vista síðuna á heimaskjá farsímans og þá virkar hún eins og hvert annað app.

Nemendur sem stofnuðu fyrirtækið MOGO og bjuggu til vefappið LAUNA.



Erindi PACTA lögmanna á trúnaðarráðsfundi Einingar-löðu

Þann 4. september sl. var flutt erindi á vegum PACTA lögmanna á trúnaðarráðsfundi Einingar-löðu sem haldinn var á Akureyri. Í erindinu fór Ásgeir Örn Blöndal Jóhannsson, hdl., frá PACTA lögmönnum Akureyri, yfir ýmis atriði tengd vinnuslysum og tómlæti í vinnurétti. Á meðal þess sem fram kom í máli Ásgeirs Arnar var að mikilvægt er að þeir sem verða fyrir slysum við vinnu sína bregðist skjótt við og kanni rétt sinn. Félagsmenn Einingar-löðu hafa verið duglegir að leita til félagsins ef vinnuslys ber að höndum og hafa þá undantekningarlaust fengið alla ráðgjöf strax, í samráði við lögmenn félagsins. Þá fór Ásgeir Örn yfir gang slysamála og þann feril sem þau fara í.

Tómlæti

